



**Sjálfbærniskýrsla 2024**

**olis**

## Ár 2024 í ljósi sjálfbærni – stefna, skref og framtíðarsýn

Árið 2024 einkenndist af þróun, nýjungum og skýrum skrefum í átt að sjálfbærari framtíð. Við hjá Olís höfum ávallt haft það að leiðarljósi að þjónusta okkar, vöruframboð og innviðir þróist í takt við samfélagið og umhverfið og síðasta ár er skýrt dæmi um það. Með markvissri vinnu höfum við styrkt stöðirnar sem við byggjum framtíðina á, hvort sem það er í gegnum aukna stafræna þjónustu, nýjar lausnir á stöðvum, samstarfsverkefni og öfluga samfélagslega þátttöku.

## Stafræn þróun og þjónusta

Við höfum haldið áfram að efla okkur á stafrænum vettvangi, bæði með áframhaldandi þróun og uppfærslum á Olís – ÓB appinu og Olís.is. Þetta eru lykilverkfæri fyrir nútímavíðskiptavinum sem vilja aðgengilega, örugga og skilvirka þjónustu – hvort sem þeir eru á ferðinni eða heima við. Með aukinni sjálfsafgreiðslu, snjalllausnum og persónulegri upplifun erum við að byggja brú á milli hefðbundinnar þjónustu og framtíðarinnar.

## Framtíðareldsneyti og vetnisverkefnið

Á árinu höfum við markvissa undirbúningsvinnu við innleiðingu vetnis sem orkugjafa. Þetta er stórt og mikilvægt skref í orkuskiptum þar sem við leggjum okkar af mörkum til að stuðla að kolefnishlutlausu samfélagi. Vetni sem orkugjafi býður upp á hreina orku án losunar gróðurhúsalofttegunda – og er hluti af langtímasýn okkar þar sem við sjáum Olís sem leiðandi aðila í þróun sjálfbærrar orkuþjónustu á Íslandi.

Við stefnum að því að opna fyrstu vetnisstöðina árið 2027 og vonumst þannig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna eldsneytisnotkunar í flutningum stórra flutningabíla.

## Glans – bílaþvottastöð

Við höfum einnig undirbúning á Glans, bílaþvottastöð sem markar straumhvörf í bílaþvotti þar sem aukið hreinlæti, sjálfvirkni og umhverfisvitund fara saman en okkar bílaþvottastöðvar eru þannig búnar að þær vinna með heitt vatn svo minni þörf er á sápu og öðrum hreinsiefnum sem þýðir minna af efnum sem renna út í náttúruna. Glans verður fyrirmyndarform fyrir framtíðarstöðvar þar sem öll áhersla er lögð á upplifun viðskiptavina, tæknivæðingu og minna umhverfisfótspor.

## Viðskiptavinir og ávinningur

Við höldum áfram að auka verðmæti fyrir viðskiptavinum okkar með ýmsum hætti, til dæmis með því að gera vildarpunkta Ícelandair og Aukakrónur Landsbankans jafnframt aðgengilega á stöðvum okkar sem bjóða lægsta verðið. Þannig tryggjum við að viðskiptavinir fái meira fyrir peninginn á sama tíma og þjónustan verður einfaldari, snjallari og aðgengilegri.

## Bygging nýrra stöðva og innviðauppbýgging

Árið 2024 hófum við undirbúning á uppbyggingu að þremur nýjum stöðvum. Með því vinnum áfram með skýrri stefnu um að efla dreifikerfið, bæta aðstöðu og þjónustu – og tryggja að stöðvarnar verði ekki aðeins nútímalegar heldur einnig byggðar með sjálfbærni og samfélagsábyrgð að leiðarljósi.

## Heilsa, samfélag og stuðningur

Við leggjum mikla áherslu á heilsu og velliðan starfsfólks og undirbúningur var hafinn fyrir heilsufarsátak árið 2025 með því að bjóða heilsupakka fyrir starfsfólk sem felur í sér heilsufarsmælingar og aðgengi að ýmiskonar þjónustu til að bæta andlega og líkamlega heilsu starfsfólks. Jafnframt höldum við áfram að styðja við samfélagið í gegnum styrki og samstarfsverkefni á sviði íþróttar, menningar og velferðar. Þessi þáttur starfseminnar er okkur mikilvægur og speglar þá sýn okkar að fyrirtæki hafi samfélagslega ábyrgð sem skiptir máli.

## Horft til framtíðar

Við byggjum á sterkum grunni, traustu samstarfi, djúpum tengslum við samfélagið og skýrri framtíðarsýn sem byggir á ábyrgum ákvörðunum, sjálfbærum lausnum og vaxandi tækni. Við hlökkum til að vinna áfram að því að móta sjálfbæra framtíð með ykkur.



*Ingunn Svala Leifsdóttir*

Ingunn Svala Leifsdóttir  
Framkvæmdastjóri

### Í næstum 100 ár

Olís er eitt af stærri verslunar- og þjónustufyrirtækjum landsins og rekur yfir 65 útsölustaði á landinu öllu. Fyrirtækið á sér langa sögu sem er samofin þróun íslensks samfélags í næstum hundrað ár en Olís var stofnað 3. október 1927. Í dag starfa rúmlega 400 starfsmenn hjá Olís.

Olís hefur sérhæft sig í sölu og þjónustu á eldsneyti og öðrum olíuvörum, auk sölu veitinga og ýmissa nauðsynjavara fyrir bílaeigendur. Auk þessa sinnir Olís fjölþættri vörusölu og þjónustu gagnvart stórnotendum um land allt, m.a. sjávarútvegs-, verktaka- og flutningafyrirtækjum. Grunnrekstur Olís hefur ávallt verið eldsneytissala, en með nýtingu á sérfræðipækkingu og dreifineti Olís hefur vöru- og þjónustuframboð félagsins verið víkkað. Olís er með vottað gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001.

### Leiðandi á sínu sviði

Það er stefna Olís að vera leiðandi fyrirtæki á Íslandi á sínu sviði hvað varðar hagkvæmni í rekstri, þjónustu við viðskiptavini, gæði vöruframboðs og ábyrgð gagnvart samfélaginu, þar sem sérstök áhersla er lögð á stuðning við umhverfismál, félagasamtök og íþróttastarfsemi. Olís leggur jafnframt áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem jafnrétti og starfsánægja eru höfð að leiðarljósi og hlaut félagið gullmerki Jafnréttisvogarinnar í fimmta sinn árið 2024.




Olís hefur farið í gegnum stefnumótunarvinnu á sviði sjálfbærni ásamt öðrum dótturfélögum Haga. Framkvæmd var greining á sjálfbærnitengdum áhrifum, áhættu og tækifærum í þeim tilgangi að ákvarða hvaða sjálfbærnimálefni væru mikilvægust fyrir fyrirtækið. Vinna þessi lagði grunn að uppfærðum sjálfbærni- og umhverfisstefnum Olís auk þess sem félagið setti sér markmið og skilgreindi leiðir að markmiðum.

Sjálfbærnitengd áhrif Olís geta ýmist verið raunveruleg eða möguleg, jákvæð eða neikvæð og átt sér stað í eigin starfsemi eða í virðiskeðju félagsins. Á meðal mikilvægustu áhrifa Olís er losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju félagsins og þau áhrif sem félagið hefur á eigin mannauð t.a.m. með aðgerðum félagsins í tengslum við heilsu- og öryggismál, jafnréttismál og starfsþróunarmál.

Við mat á fjárhagslegri áhættu í tengslum við stefnumótunarvinnu var horft til atriða sem geta haft fjárhagsleg áhrif á Olís. Helsta sjálfbærnitengda áhættan í starfseminni er stefna stjórnvalda í tengslum við útfösun á jarðefnaeldsneyti. Þetta endurspeglast fyrst og fremst í markmiði ESB um kolefnishlutleysi fyrir 2050 og 55% samdrátt í losun fyrir 2030, sem gera ráð fyrir hröðum orkuskiptum með tilheyrandi áhrifum á tekjur vegna olíusölu. Núverandi birtingarmyndir þessa eru m.a. kolefnisskattar og yfirvofandi losunarheimildakerfi fyrir söluaðila eldsneytis (ETS 2) sem leiða til hærri kostnaðarverðs á jarðefnaeldsneyti í þeim tilgangi að hraða orkuskiptum.

Meðfylgjandi mynd sýnir hvernig mismunandi sjálfbærnimálefni raðast eftir mikilvægi fyrir Olís.



*Olís sem öflugt félag á smásölumarkaði er í daglegum tengslum við almenning í landinu. Olís hefur lagt metnað sinn frá upphafi í að þjóna íslenskum neytendum með ábyrgum hætti. Sjálfbærnistefna fyrirtækisins er langtímaáætlun félagsins um hvernig það getur lagt sinn skerf til betra og heilbrigðara samfélags og umhverfis, samhliða heilbrigðum rekstri. Stefnan segir auk þess til um hvernig samskiptum við hagsmunaaðila verði háttað. Helstu hagsmunaaðilar fyrirtækisins eru starfsfólk, hluthafar, viðskiptavinir, birgjar, fjölmiðlar auk samfélagsins í heild sinni.*

## Stefnuyfirlýsing

Olís vill láta gott af sér leiða og starfa í sátt við samfélag og umhverfi. Olís vill eiga gott samstarf við hagsmunaaðila sína og skapa þeim virði með ákvörðunum sínum. Sjálfbærni er hluti af grunnrekstri félagsins og er höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku í stórum málefnum. Við mat á árangri skal horft til þeirra áhrifa sem félagið hefur á samfélag sitt og umhverfi, auk arðsemi.

## Meginstoðir stefnu

Stefna Olís um sjálfbærni byggir á fjórum meginstoðum. Stoðirnar móta þær áherslur sem félagið fer eftir og mótar þau lykilverkefni sem unnið er að hverju sinni. Meginstoðirnar fjórar eru ekki innbyrðis háðar og ein stoð er ekki annarri mikilvægari.

## Umhverfi

Olís leggur áherslu á að þekkja þau beinu og óbeinu áhrif sem starfsemi félagsins hefur á umhverfið og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum eftir fremsta megni. Með neikvæðum áhrifum er einkum átt við losun gróðurhúsalofttegunda, hvers konar mengun, matarsóun og athafnir sem stuðla að hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

## Mannauður

Olís kappkostar að tryggja velliðan og öryggi starfsfólks. Jafnrétti er haft að leiðarljósi í öllum ákvörðunum og skapar félagið virði fyrir atvinnulífið með menntun og þjálfun starfsfólks. Jafnframt leggur fyrirtækið áherslu á að réttindi starfsfólks í virðiskeðju félagsins séu virt.

## Neytendur

Hagsmunir neytenda og lýðheilsa eru höfð í fyrirrúmi í starfsemi Olís. Lögð er áhersla á ríkulegt framboð af heilsusamlegum valkostum auk þess að bjóða neytendum hagstæð kjör hverju sinni óháð staðsetningu. Þá styður félagið ýmis samfélagsleg málefni hvort sem er í formi styrkja eða samstarfsverkefna.

## Stjórnarhættir

Olís starfar eftir þeim lögum og reglum sem félaginu ber að fylgja, sem og leiðbeiningum um góða stjórnarhætti. Auk þess hefur félagið sett sér siða- og samskiptareglur sem fylgt er í hvívetna í starfseminni.

## Framkvæmd og gildissvið

Stjórn félagsins og stjórnendur láta sig málaflokkinn varða og bera á honum ábyrgð. Markvisst er unnið að framfylgd stefnunnar innan félagsins.

Olís er aðili að sjálfbærniráði Haga en þar eru a.m.k. einn aðili frá hverju dótturfélagi Haga. Sömuleiðis eru aðilar úr móðurfélagi í ráðinu og skulu aðilar funda með reglulegu millibili. Hlutverk sjálfbærniráðsins er að stuðla að fræðslu fyrir starfsfólk með það að markmiði að efla sjálfbærnivitund ásamt því að samræma aðgerðir innan dótturfélaga eins og kostur er.

Sjálfbærnistefnan og árangursmat hennar er hluti af stefnumótun innan félagsins og hana skal endurskoða að lágmarki á 12 mánaða fresti.

Stefna Olís um sjálfbærni byggir á þremur meginstoðum. Stoðirnar móta þær áherslur sem félagið fer eftir og mótar þau lykilverkefni sem unnið er að hverju sinni. Meginstoðirnar þrjár eru ekki innbyrðis háðar og ein stoð er ekki annarri mikilvægari.

### Umhverfisþættir

Olís leggur áherslu á að þekkja þau beinu og óbeinu áhrif sem starfsemi félagsins hefur á umhverfið og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum eftir fremsta megni. Með neikvæðum áhrifum er einkum átt við losun gróðurhúsalofttegunda, hvers konar mengun, matarsóun og athafnir sem stuðla að hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

### Mannauður

Olís kappkostar að tryggja velliðan og öryggi starfsfólks. Jafnrétti er haft að leiðarljósi í öllum ákvörðunum og skapar félagið virði fyrir atvinnulífið með menntun og þjálfun starfsfólks. Jafnframt leggur Olís áherslu á að réttindi starfsfólks í virðiskeðju félagsins séu virt.

### Neytendur

Hagsmunir neytenda og lýðheilsa eru höfð í fyrirrúmi í starfsemi Olís. Lögð er áhersla á ríkulegt framboð af heilsusamlegum valkostum auk þess að bjóða neytendum hagstæðustu kjör hverju sinni óháð staðsetningu. Þá styður Olís ýmis samfélagsleg málefni hvort sem er í formi styrkja eða samstarfsverkefna.

## Umhverfi

Lof tslagsbreytingar

Hringrásarhagkerfi

Mengun

Líffræðileg fjölbreytni

## Mannauður

Starfsánægja

Jafnrétti og fjölbreytni

Heilsa og öryggi

Starfsþróun


Starfsfólk í virðis keðju

## Neytendur

Lýðheilsa

Aðgengi

Ánægja viðskiptavina



Sjálfbæriskýrsla 2024

# Umhverfismál

Markvissar aðgerðir í átt  
að sjálfbærni

Umhverfisstefna Olís leggur áherslu á mikilvægi umhverfissjónarmiða í daglegri starfsemi félagsins. Meginmarkmiðið er að félagið leggi sitt af mörkum í þágu sjálfbærrar þróunar og samfélagslegrar ábyrgðar og styðji við mikilvægi þess að starfsfólk sé meðvitað um aðgerðir félagsins í þágu umhverfisins. Olís vill stuðla að sjálfbærri nýtingu á auðlindum jarðarinnar í þágu íbúa hennar, atvinnulífs og komandi kynslóða, til efnahagslegs og félagslegs ábata.

## Umfang

Umhverfisstefnan nær til allrar starfsemi Olís. Stjórnendur og annað starfsfólk er hvatt til að kynna sér stefnuna, framfylgja henni í einu og öllu og leita leiða til umbóta í umhverfismálum félagsins.

Með gerð þessarar stefnu skuldbindur félagið sig til að vinna markvisst að því að lágmarka neikvæð áhrif starfseminnar á umhverfið. Stöðugt ber að fylgja eftir stefnumótun og stjórnun umhverfismála í ljósi nýrra laga og reglna, starfshátta þeirra atvinnugreina sem félagið starfar í, tækniþróunar, þarfa neytenda og væntinga viðskiptavina.

## Umhverfisstefna

Umhverfisvernd skal höfð að leiðarljósi í starfsemi félagsins. Umhverfisstefna Olís byggist á fjórum meginstöðum:

- Loftslagsmál
- Hringrásarhagkerfi
- Mengun
- Líffræðileg fjölbreytni

## 1. Loftslagsmál

Olís leggur áherslu á að þekkja áhrif félagsins á loftslagið og draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þá er á sama tíma mikilvægt að tryggja seiglu félagsins gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Sérstök áhersla er lögð á að Olís:

- Mæli og hafi reglulegt eftirlit með losun gróðurhúsalofttegunda, bæði í eigin rekstri sem og í virðiskeðju sinni.
- Setji sér markmið um samdrátt í losun með hliðsjón af markmiðum íslenskra stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins.
- Innleiði og endurskoði með reglubundnum hætti aðgerðaráætlun sem miðar að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda.
- Hugi sérstaklega að orkusparandi aðgerðum í allri starfsemi, hvort sem er á skrifstofum, í verslunum og í framkvæmdum á vegum félagsins.
- Taki mið af sjálfbærnisjónarmiðum við innkaup í þágu starfseminnar.
- Fjárfesti með ábyrgum hætti í verkefnum sem hafa það að markmiði að binda kolefni úr andrúmslofti.
- Vinni markvisst að því að auka seiglu og aðlögunarhæfni gagnvart umbreytingaráhættum tengdum loftslagsbreytingum.



## 2. Hringrásarhagkerfi

Það er stefna Olís að lágmarka alla sóun og innleiða hringrásarhugsun í starfsemi félagsins. Einkum er lögð áhersla á að:

- Halda úti mælingum á vörusóun og þeim úrgangi sem fellur til í starfseminni.
- Leita stöðugt leiða til að draga úr vörusóun, minnka úrgangsmagn og bæta flokkunar- og endurvinnsluhlutfall.

## 3. Mengun

Olís leggur ríka áherslu á forvarnir og aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir og lágmarka líkur á hvers konar mengun, hvort sem er á landi, vatni eða andrúmslofti, í eigin rekstri eða í virðiskeðju Olís.


## 4. Líffræðileg fjölbreytni

Þótt þekking á áhrifum Olís á líffræðilega fjölbreytni sé enn takmörkuð, er það þekkt að starfsemin getur haft neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika. Það er stefna Olís að efla þekkingu sína á slíkum neikvæðum áhrifum, einkum í virðiskeðju fyrirtækisins, og kappkosta að draga úr þeim eftir fremsta megni.

## Eftirfylgni og endurskoðun

Umhverfisstefnan er unnin í samstarfi við Haga og hin dótturfélögin. Framkvæmdastjórn Olís er ábyrg fyrir framkvæmd og eftirfylgni með umhverfisstefnunni í nánú samstarfi við forstöðumann sjálfbærni hjá Högum og sjálfbærniráð Haga. Umhverfisstefnan er sett til tveggja ára í senn og skal yfirfarin og endurmetin að þeim tíma liðnum.

## Olís skipuleggur umbætur í umhverfismálum með hliðsjón af þessu vinnuferli




Olís hefur framkvæmt mikilvægismat í þeim tilgangi að forgangsraða útreikningum á losunarpáttum eins og þeir eru skilgreindir í Greenhouse Gas Protocol aðferðarfræðinni. Mikilvægismat þetta er endurskoðað árlega. Við matið er annars vegar horft á áætlað eða útreiknað umfang losunarpáttar og hins vegar hversu aðgengilegt er að framkvæma útreikninga á viðkomandi losunarpætti.

Niðurstöðu matsins má sjá á meðfylgjandi mynd og hér fyrir neðan er að finna skilgreiningar til að auðvelda lestur myndarinnar.

## Skilgreiningar

- **Aðgengileiki:** Aðgengileiki, gæði og magn upplýsinga og losunarstuðla sem þörf er á til útreikninga.
- **Umfang losunar:** Útreiknuð eða áætluð losun í koltvísýringisgildum
- **Grænn:** Losunarpáttur er hluti af losunarbókhaldi Olís.
- **Appelsinugulur:** Losun hefur ekki verið reiknuð út en verður bætt við á næstu árum



*Loftslagsbreytingar af mannavöldum er ein helsta áskorun samtímans og markmið okkar er að halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfseminni í lágmarki og á sama tíma stuðla af krafti að vernd umhverfisins.*

Olís telur nauðsynlegt að standa vörð um náttúru landsins jafnframt því að þjóðin vinni ótrauð að bættum lífskjörum sínum. Ábyrgð hvernar kynslóðar er að skila landinu og auðlindum þess í betra horfi til þeirrar næstu. Olís vill nýta auðlindir landsins á sjálfbæran hátt í þágu atvinnulífsins, landsmanna og komandi kynslóða til efnahagslegs og félagslegs ábata, án þess að ganga á höfuðstól auðlindanna.

Starfsfólk Olís er meðvitað um að oliuiðnaðurinn hafi verið hluti af loftslagsvandamálinu hingað til en við viljum að Olís sé hluti af lausn vandans í framtíðinni. Vegferðin að endurnýjanlegum orkugjöfum og sjálfbæru samfélagi er þegar hafin sem og vegferð Olís í átt að kolefnishlutleysi.


Olís vill jafnframt stuðla að sjálfbærum vexti auðlinda svo sem kostur er með skynsamlegri nýtingu þeirra og leggur áherslu á uppgræðslu landsins þar sem tekið er tillit til atvinnu-starfseminnar í landinu og fjölbreytileika náttúru þess.

Olís hefur þegar hafið innleiðingu vistvænni eldsneytisvalkosta, m.a. með auknu framboði á lífdísil, metani og öðrum umhverfisvænni orkugjöfum. Uppsetning hleðslustöðva fyrir

rafbíla hefur verið verkefni undanfarin 2 ár og verður áfram efld um allt land. Þá tekur Olís þátt í þróun vetnisverkefna sem fela í sér nýjar lausnir fyrir orkuskipti í samgöngum og iðnaði með það að markmiði að styðja við orkuskipti og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Áhrif fyrirtækisins á loftslagsbreytingar felast einkum í losun gróðurhúsalofttegunda sem á sér stað í virðiskeðju Olís. Stjórn umhverfismála er á meðal forgangsverkefna fyrirtækisins og við erum stöðugt að aðlaga starfshætti og rekstur Olís að aukinni umhverfisvernd.

Olís mun taka tillit til umhverfisþátta eins og orkuneyslu og nýtingu hráefnis við val á vörum, birgjum og flutningatækjum og að neikvæðum áhrifum á umhverfið frá rekstri fyrirtækisins sé haldið í lágmarki s.s. með rétttri förgun sorps og úrgangsolíu.



Olís hefur útvikkaði kolefnisbókhald sitt töluvert og bætt hefur verið við útreikning á þeim losunarpáttum sem ná utan um framleiðslu og notkun á bæði eldsneyti og matvöru/rekstrarvörur sem Olís selur.

Orkusparnaður

Orkunotkun samanstendur af rafmagns-, heitavatns-, og eldsneytisnotkun og var heildarorkunotkun Olís 15.977.284 kWst á árinu 2024. Þar af var orka frá jarðefniseldsneyti 1.089.229 kWst, orka frá rafmagni 5.582.620 kWst og orka frá heitu vatni 9.305.434 kWst. Óbein orkunotkun vegna rafmagns- og heitavatnsnotkunar nam 14.888.055 kWst.

Umfang 1 & 2

Losun í umföngum 1 og 2 lækkaði um 1,2% á milli ára, losun vegna rafmagnsnotkunar lækkaði um 16% og lækkaði losun vegna heitavatnsnotkunar um 5%.

Ekki hefur tekist að safna upplýsingum um losun vegna leka af kælikerfum í starfseminni. Olís mun setja sér markmið um samdrátt í losun í umföngum 1 & 2 þegar sú stærð liggur fyrir.

Umfang 3

Langstærsti hluti af heildarlosun Olís fellur undir umfang 3, eða 99,96%. Umfang 3 nær utan um alla þá losun sem á sér stað í virðiskeðju Olís og er tilkomin vegna viðskiptaumsvifa fyrirtækisins, s.s. losun sem á sér stað hjá framleiðendum, birgjum, flutningsaðilum og viðskiptavinum. Aðkeypt vara til endursölu er 20,2% og notkun viðskiptavina á seldu eldsneyti og gasi er 79,4%.

Sala jarðefnaeldsneytis minnkaði og hlutfall umhverfisvænna eldsneytis, einkum lífetanóls, lífdísils og metans, af öllu seldu eldsneyti hækkaði úr 2,7% í 5,1% á milli ára. Þetta leiddi til þess að losun í umfangi 3 lækkaði um 2% milli ára, en hún hefur nú lækkað um 6,1% frá árinu 2022.

| GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR | EINING             | 2023    | 2024    | Munur % |
|------------------------|--------------------|---------|---------|---------|
| Umfang 1               | tCO <sub>2</sub> í | 261,8   | 270,0   | ↑ 3,1%  |
| Umfang 2               | tCO <sub>2</sub> í | 130,5   | 117,6   | ↓ 9,9%  |
| Umfang 1 og 2          | tCO <sub>2</sub> í | 392,3   | 387,6   | ↓ 1,2%  |
| Umfang 3               | tCO <sub>2</sub> í | 879.882 | 862.322 | ↓ 2,0%  |



Kolefnisbókhald Olís er gert í samræmi við Greenhouse Gas Protocol aðferðarfræðina (GHG Protocol). GHG Protocol skiptir losun frá fyrirtækjarekstri í þrjú umfang:

- Umfang 1:** Bein losun frá rekstri, s.s. eldsneytisnotkun og lekalosun.
- Umfang 2:** Óbein losun vegna aðkeyptrar orku, s.s. rafmagns- og heitavatnsnotkun.
- Umfang 3:** Önnur óbein losun í virðisæðju félagsins, t.d. vegna aðkeyptrar vara, vöruflutnings, úrgangs frá rekstri og notkunar viðskiptavina á seldu eldsneyti.

Hugbúnaðarlausn

Olís notar Sustainability Platform hugbúnaðarlausn Klappa til að halda utan um kolefnisbókhald félagsins og safna gögnum sem notuð eru við uppgjör. Hugbúnaðarlausnin gerir fyrirtækinu kleift að tryggja rekjanleika bókhaldsgagna niður á bæði eignir og birgja.

Umfang 1  
Eldsneytisnotkun

Gögnum um eldsneytis kaup í litrum er safnað sjálfvirkrt frá birgjum í gegnum Sustainability Platform. Losunarstuðlar frá DEFRA eru notaðir til útreikninga.

Lekalosun

Upplýsingum um leka af kælikerfum í kg eftir tegundum kælimiðla er safnað frá birgjum og hlaðið upp í Sustainability Platform. Notast er við losunarstuðla frá DEFRA til útreikninga. Ath. að ekki hefur tekist að safna upplýsingum um leka af kælikerfum í útibúum Olís.

Umfang 2  
Rafmagnsnotkun

Gögnum um rafmagnsnotkun í kWh er að mestu leyti safnað sjálfvirkrt í gegnum Sustainability Platform. Í leigurymum þar sem Olís er ekki sjálft skráð fyrir rafmagnsmælum er gögnum safnað frá leigusölum. Losunarstuðull frá Umhverfisstofnun er notaður til útreikninga á staðbundinni losun og losunarstuðull byggður á orkublöndu uppgefinni af Orkustofnun er notaður til útreikninga á losun með markaðsaðgerðum.

Heitavatnsnotkun

Gögnum um heitavatnsnotkun í rúmmetrum er ýmist safnað saman sjálfvirkrt í gegnum Sustainability Platform eða beint frá veitufyrirtækjum eða leigusölum. Losunarstuðull frá Klöppum er notaður til útreikninga.

**Umfang 3**  
**Aðkeypt vara og þjónusta**  
Útreikningur á árinu 2024 tekur til aðkeyptrar vara til endursölu. Ekki var náð utan um aðkeypta vöru og þjónustu til notkunar í eigin rekstri.

Gögnum vegna aðkeyptrar vöru til endursölu er safnað úr innri kerfum. Í tilvikum þar sem upplýsingar um þyngdir vöru liggja fyrir ásamt samsvarandi losunarstuðli er losun reiknuð út frá þyngd vöru (average data method). Í tilvikum þar sem erfiðleikum er háð eða ekki er unnt að reikna út losun út frá þyngdum er hún reiknuð út frá kostnaðarverði vara (spend-based method).

Eftirfarandi gagnagrunnar voru notaðir við útreikninga:

| Gagnagrunnur                                               | Vöruflokkar        | Mælikvarði    |
|------------------------------------------------------------|--------------------|---------------|
| The Big Climate Database (v1.2)                            | Matvara            | Magn (kg)     |
| WRAP Emission Factor Database (v2)                         | Matvara            | Magn (kg)     |
| DEFRA (v1 2024)                                            | Eldsneyti og Gas   | Magn (kg & l) |
| USEEIO Supply Chain Greenhouse Gas Emission Factors (v1.3) | Matvara og Sérvara | Kostnaður     |

**Eldsneytis- og orkutengd starfsemi**  
Umrædd stærð er reiknuð út frá fyrirliggjandi gögnum um eldsneytis- og orkunotkun. Losunarstuðlar frá DEFRA og Veitum ohf. eru notaðir við útreikninga.

**Aðkeyptur flutningur og dreifing**  
Gögnum um aðkeyptan flutning og dreifingu er safnað frá flutningsaðilum og þeim hlaðið upp í Sustainability Platform. Aðferðin sem notuð er til útreikninga á losun kallast „distance-based method“. Samkvæmt henni eru upplýsingar um þyngd farms, flutta vegalengd og flutningsmáta notaðar til grundvallar útreikningi á losun. Losunarstuðlar frá birgjum og DEFRA eru notaðir við útreikninga.

**Úrgangur**  
Upplýsingum um þann úrgang sem fellur til í starfsemiinni er að mestu safnað sjálfvirkrt frá birgjum í gegnum Sustainability Platform. Í tilvikum þar sem gagnatengingar eru ekki til staðar eru upplýsingar fengnar beint frá úrgangshirðuaðilum. Upplýsingum er safnað um þyngd úrgangs og úrgangstegundir. Losunarstuðlar DEFRA eru notaðir til útreikninga þar sem tekið er tillit til úrgangstegunda og endurvinnslu- og förgunaraðferða. Losun vegna

fráveitu hefur ekki verið gerð upp.

**Viðskiptaferðir**  
Gögnum um viðskiptaferðir er safnað sjálfvirkrt í gegnum Sustainability Platform. Eingöngu eru flugferðir frá Íslendair í útreikningum og vantar því losun vegna flugferða með öðrum flugfélögum, gistinátta, leigubílaferða og annarra hugsanlegra viðskiptaferða.

**Notkun á seldri vöru**  
Upplýsingum um selt magn af eldsneyti og gasi er safnað úr innri kerfum. Losunarstuðlar frá DEFRA eru notaðir til útreikninga á losun vegna þess bruna sem á sér stað hjá viðskiptavinum.

Eftirfarandi tafla sýnir stöðu og mikilvægi losunarbátta í umfangi 3.

| Losunarbáttur                                     | Talið      | Mikilvægi  |
|---------------------------------------------------|------------|------------|
| Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta               | Að mestu   | Mjög hátt  |
| Flokkur 2: Fastafjármunir                         | Ótalið     | Miðlungs   |
| Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi     | Talið      | Lágt       |
| Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og Dreifing       | Talið      | Hátt       |
| Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri                   | Að mestu   | Lágt       |
| Flokkur 6: Viðskiptaferðir                        | Að hluta   | Lágt       |
| Flokkur 7: Samgöngur Starfsmanna                  | Ótalið     | Lágt       |
| Flokkur 8: Leigðar eignir                         | Á ekki við | Á ekki við |
| Flokkur 9: Flutningur og dreifing á síðari stigum | Á ekki við | Á ekki við |
| Flokkur 10: Áframhaldandi vinnsla á seldri vöru   | Á ekki við | Á ekki við |
| Flokkur 11: Notkun á seldri vöru                  | Talið      | Mjög hátt  |
| Flokkur 12: Lok líftíma seldrar vöru              | Ótalið     | Lágt       |
| Flokkur 13: Útleigðar eignir                      | Ótalið     | Lágt       |
| Flokkur 14: Sérleyfishafar                        | Á ekki við | Á ekki við |
| Flokkur 15: Fjárfestingar                         | Ótalið     | Lágt       |



## Rafhleðslustöðvar um allt land

Haustið 2022 var gerður samstarfssamningur við Ísorku um uppsetningu á víðáttumiklu neti hraðhleðslustöðva sem staðsettar verða á stöðvum Olís og ÓB. Í lok árs 2023 voru komnar hraðhleðslustöðvar á 15 stöðvar. Árið 2024 bættust við stöðvar á Neskaupsstað og Norðlingaholti en í Norðlingaholti er tengi fyrir 4 bíla sem afkasta 240KW. Stöðvunum hefur fjölgað jafnt og þétt síðan samstarfið hófst og markmiðið er að innan örfárra ára geti rafbílaeigendur hlaðið rafbíla sína á 150KW hraðhleðslustöðvum hringinn í kringum landið en á næstu árum er áætlað að 21 hraðhleðslustöðvar verði við stöðvar Olís og ÓB.

## Umhverfisvænna gas

Gas er þægilegur orkugjafi og nýtist með margvíslegum hætti. Allt 5 og 10 kg gas sem selt er á þjónustustöðvum Olís er Kósan BioMix40 sem minnkar umhverfisáhrif (losun CO<sub>2</sub>) um 19%. BioLPG er aukaafurð frá framleiðslu á lífdísel (HVO) og er framleitt í Svíþjóð. Það er eingöngu framleitt úr leifum af sjálfbærum hráefnum eins og dýrafitu og jurtaolíu.

LPG gefur frá sér minna CO<sub>2</sub> en aðrar tegundir jarðefnaeldsneytis. BioLPG er aukaafurð lífrænnar díselframleiðslu, sem við Íslendingar þekkjum sem VLO (vetnismeðhöndlaða lífræna olíu) en aðrir þekkjá sem HVO (Hydrotreated Vegetable Oil). Hún er unnin úr afgangsafurðum úr sjálfbærum hráefnum eins og dýrafitu og jurtaolium.

Umhverfislegur ávinningur er staðfestur af óháðum þriðja aðila með útgáfu vottorðs. BioLPG-framleiðsla dregur úr losun CO<sub>2</sub> um allt að 95% miðað við hefðbundna LPG-framleiðslu.

## Umhverfisvænna bensín

Olís og ÓB flytja inn umhverfisvænna 95 oktana gæðabensín sem nefnist E10 en það inniheldur aukið hlutfall endurnýjanlegs eldsneytis eða um 10% etanólblöndu. Síðan apríl 2023 hefur allt 95 oktana eldsneyti sem afgreitt er hjá Olís og ÓB verið af þessari tegund. Aukið hlutfall etanóls í bensíni dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og allar bensínknúnar bifreiðar sem eru yngri en árgerð 2011 geta notað nýja E10 eldsneytið. Flestar tegundir eldri bifreiða geta einnig notað hið nýja umhverfisvænna E10 eldsneyti.

## Umhverfisvænni diselolía

Olís blandar nú diselolíu sína með VLO, eða vetnismeðhöndlaðri lífrænni olíu, sem er hreinna og umhverfisvænna díseldsneyti. Framleiðsluaðferðin gerir VLO gjörólíka annarri lífdíselolíu. VLO virkar fullkomlega eins og önnur diselolía en hún mengar minna því hún skilar sér í minni koltvísýringsútbæstri díselbifreiða. Þessi olía hefur erlendis gengið undir nafninu HVO, Hydrotreated Vegetable Oil eða vetnismeðhöndluð lífræn olía.

Þessi aðferð, þ.e. vetnismeðhöndlun lífrænnar olíu, hefur skilað hreinni og umhverfisvænni vöru sem er laus við þau vandamál sem fylgt hafa annarri lífdíselolíu, eins og botnfall, oxun og bakteríumyndun. Hægt er að nota VLO á allar venjulegar díselvélar án þess að breyta þeim eða endurstilla á nokkurn hátt.

Með íblöndun VLO í diselolíu, sem draga mun úr losun koltvísýrings og gróðurhúsalofttegunda, stígur Olís enn eitt græna skrefið.

## Metaneldsneyti

Í byrjun sumars 2013 opnaði Olís sína fyrstu metanafgreiðslu í Mjódd en metanið er vistvænt íslenskt eldsneyti, unnið úr hauggasi frá lífrænum úrgangi. Metaneldsneyti er 95–98% hreint metan, en það hefur verið notað á ökutæki á Íslandi frá árinu 2000.

Metan er mun umhverfissvænna en annað eldsneyti þar sem mengun er töluvert minni og hávaði frá metanknúnum bifreiðum sömuleiðis minni. Koltvísýringur myndast við brennslu metangass í bílvél en þá er verið að flytja koltvísýring, sem hefði hvort sem er orðið til á urðunarstaðnum, út í andrúmsloftið. Heildaraukning koltvísýrings í andrúmslofti er því engin og á móti kemur líka að koltvísýringur sem hefði myndast í venjulegri bifreið sparast. Þessi sparnaður er um það bil 260 g á hvern km. Með því að brenna metaninu í ökutækjum dregur einnig úr gróðurhúsaáhrifum þar sem óbrunnið metangas hefur yfir tuttugufalt meiri áhrif en koltvísýringurinn sem verður til við brunann.

Losun útblástursegna er töluvert minni við brennslu metans en bensíns eða díselolíu. Koltvísýringur er 20% minni í metanbílum en venjulegum bílum.

Notkun metans sem ökutækjaeldsneytis dregur ekki einungis úr útblæstri heldur hefur notkun þess ýmsa aðra kosti. Stærri ökutæki eins og vörubílar og rútur eru t.d. hljóðlátari með metani en díselolíu. Metanökutæki henta því afar vel í þéttari miðborgarumferð, t.d. sem strætisvagnar, sorpbílar eða götusópar.

Boðið er upp á metan í Álfheimum, Mjódd og á Akureyri en Olís rekur flestar metanstöðvar á Íslandi.

## Grænt vetni

Olís hefur ásamt Landsvirkjun unnið að vetnisverkefni sem mun styðja við orkuskipti á Íslandi. Áætlanir gera ráð fyrir því að sett verði upp vetnisframleiðsla og sambyggð vetnisáfyllingarstöð fyrir samgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Með verkefninu verða stigin stór skref í orkuskiptum á Íslandi, sér í lagi í þungaflutningum á landi og í iðnaði. Fyrirhuguð uppbygging snýr að vetnisvæðingu þar sem endurnýjanleg raforka verður notuð til framleiðslu vetnis með rafgreiningu.

Olís hefur jafnt og þétt tekið ný græn skref í átt að umhverfissvænni orkugjöfum. Olís mun sýna vilja í verki og taka virkan þátt í flutningi vetnis, áfyllingu þess og smásölu og þannig leggja sitt af mörkum í baráttunni við loftslagsbreytingar. Nú þegar hefur verið undirritaður Evrópustyrkur vegna vetnisverkefnisins og einnig er unnið að umsókn í aðra innlenda sjóði.

Olís hefur ávallt verið í fararbroddi þegar kemur að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Því er það mikilvægt fyrir Olís að taka þátt í þessu verkefni en í því felst spennandi skref til framþróunar í orkuskiptum á Íslandi.



## Kolefnisbinding með Land og skógum

Árið 2022 var undirritaður samstarfssamningur Landgræðslunnar og Olís til 5 ára en Landgræðslan og Olís hafa átt farsælt samstarf allt frá árinu 1992. Árið 2024 varð sameining Landgræðslunnar og Skógræktar og sameiginlegt heiti þeirra verður hér eftir Land og skógur. Á þeim rúmlega þremur áratugum sem samstarfið hefur verið í gildi hafa verkefnin verið af ýmsum toga og skilað miklum árangri við uppgræðslu lands. Flestir kannast við slagorðið *Græðum landið með Olís*, en það verkefni var einn af hornsteinum landgræðslu á Íslandi um árabíl. Olís hefur verið einn stærsti einstaki styrktaraðili landgræðslu á Íslandi í gegnum tíðina og brautryðjandi meðal einkafyrirtækja í umhverfisverkefnum hérlandis. Hlutverk Landgræðslunnar er að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Árangur Land og skóga hefur verið mikill og Olís er stolt af hlutverki sínu sem bakhjarl stofnunarinnar. Þannig hefur þetta farsæla samstarf skilað uppgræðslu yfir þúsund hektara af örfoka landi og gróðurauðn. Á haustin er blásið til birkifræsöfnunar og sáningar. Einstaklingar safna birkifræjum í þar til gerða kassa og skila inn á þjónustustöðvar Olís, sem og til annarra velunnara verkefnisins. Landgræðslan safnar saman fræjum, flokkar og yfirfir í þeim tilgangi að einungis bestu og lífvænlegustu fræin fari í sáningu. Landgræðslan velur land til sáninga, en einstaklingum er boðið að mæta og sá fræjum.





## Þrjú ólík verkefni

Þótt aðaláhersla sé lögð á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda hjá Olís þykir okkur jafnframt mikilvægt að styðja við lausnir sem miða að bindingu kolefnis eða forðun á losun gróðurhúsalofttegunda.

Það er stefna Olís að fjárfesta í fjölbreyttum og ábyrgum verkefnum sem leggja áherslu á rekjanleika og mælingar. Þá leggjum við áherslu á að fjárfestingin skili sér innanlands eða til samfélaga sem eru einstaklega viðkvæm fyrir afleiðingum loftslagsbreytinga. Við höfum fjárfest í eftirfarandi þremur verkefnum með öðrum dótturfélögum Haga:

## Bio-Logical

Binding kolefnis með framleiðslu lífkola úr hnetuskeljum í Kenía. Verkefnið hefur tengingu við matvælaframleiðslu þar sem lífkol eru notuð til að auðga jarðveg til ræktunar. Áætlaður varanleiki bindingarinnar er a.m.k. 100 ár, en gæti numið margfalt því. Verkefnið er vottað af puro.earth. Í samvinnu við önnur dótturfélög Haga var fjárfest í 83 vottuðum kolefniseiningum sem munu raungerast á þessu ári.

## Carboneers

Binding kolefnis úr andrúmslofti með framleiðslu á handgerðum lífkolum í Indlandi. Verkefnið leggur jafnframt áherslu á valdeflingu kvenna, en 60% stjórnenda verkefnisins eru konur. Verkefnið hefur verið vottað af Carbon Standards International. Fjárfest var í 42 vottuðum kolefniseiningum sem þegar eru raungerðar.

## Ísorka

Verkefnið snýr að forðun kolefnislosunar með því að auka aðgengi að rafhleðslustöðvum. Verkefnið hefur hlotið VERRA vottun. Fjárfest var í 2.106 vottuðum kolefniseiningum sem þegar eru raungerðar.

## Flokkun sorps og endurvinnsla

Olís notar umhverfisstjórnunarkerfið Sustainability Platform frá Klöppum til að tryggja mælanleika þegar kemur að árangri í umhverfismálum og sjálfbærni. Kerfið gerir það kleift að vakta og fylgjast með t.d. eldsneytisnotkun, magni úrgangs, endurvinnslu og rafmagns- og vatnsnotkun. Þessar upplýsingar eru teknar úr kerfinu og nýttar í árlegt sjálfbærniuppgjör í samvinnu við Klappir.

Unnið er að stöðugum endurbótum hvað varðar flokkun á þjónustustöðvum Olís í samstarfi við öll þau gámaþjónustufyrirtæki sem þjónusta félagið. Úrgangur svo sem pappír eða pappi, plast og lífrænn úrgangur er flokkaður og fluttur á sorpeyðingarstöðvar eftir því sem þjónustuaðilar geta orðið við á hverju svæði.

Hjá Olís er tekið á móti ýmsum spilliefnum svo sem sýrum, þungmálum, úrgangsolíu og smurolíu, freon og CFC-efnum og þau send í endurvinnslu eða til sérhæfðra móttökustöðva. Þá tekur Olís líka á móti notuðum rafhlöðum frá viðskiptavinum og sendir í endurvinnslu. Í dag eru í gangi fjölmörg verkefni sem stuðla að frekari flokkun og endurvinnslu en markmið Olís er að ná flokkunarhlutfalli verulega upp á næstu árum.


## Mengunarvarnir

Sala og dreifing á eldsneyti og öðrum rekstrarvörum sem geta mengað umhverfið felur í sér eðlislæga hættu á mengunaráhöppum. Það er markmið Olís að engin mengunaráhöpp eigi sér stað í starfsemi fyrirtækisins á ári hverju. Lögð er rík áhersla á forvarnir og aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir hvers konar mengun, hvort sem er á landi, vatni eða andrúmslofti, í eigin rekstri eða í virðiskeðju Olís. Engin mengunartilvik áttu sér stað á árinu 2024 og ekki hefur átt sér stað alvarlegt mengunarslys frá árinu 2006.

## Umhverfisvænna vöruúrval

Olís stuðlar að minni plastnotkun með því að bjóða umbúðalausar sölu á rúðuvökva, frostlegi og smurolíu. Þessi vegferð hefur staðið yfir í rúmlega tvo áratugi en þá var fyrst boðið upp á umbúðalausar sölu á þessum vöruflokkum hjá Olís.

Á þjónustustöðvum Olís er leitast við að nota niðurbjótanlegar og umhverfisvænar einnota vörur þar sem því verður við komið.



Sjálfbæriskýrsla 2024

Hafðu það gott

**Mannauður**

Framsækni fagmennska  
og traust

Olís er framsækið og öflugt þjónustufyrirtæki sem býður upp á góðar vinnuaðstæður við fjölbreytt og skemmtileg viðfangsefni og jöfn tækifæri til starfsþróunar en í dag starfa hjá fyrirtækinu á fjórða hundrað manns. Starfsfólk okkar er hvatt til heilbrigðs lífnis og við veitum árlega fjárhagslegan stuðning til heilsuefningar. Við leggjum áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem jafnrétti og starfsánægja er höfð að leiðarljósi.

## Gildi Olís

Framsækni  
Fagmennska  
Traust

### Mannauðsstefna Olís

Mannauðsstefna Olís er hluti af heildarstefnu fyrirtækisins og undir mannauðsstefnuna falla einnig: Jafnréttisstefna sem inniheldur jafnlaunastefnu, Jafnréttisáætlun og jafnréttismarkmið, Stefna í eineltis- og öðrum ofbeldismálum og Verklag við uppljóstrun starfsmanna um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi. Gildi Olís liggja til grundvallar mannauðsstefnunni og þeirri menningu sem ríkir á hinum fjölmörgu starfsstöðvum. Gildi Olís eru: *framsækni, fagmennska og traust*. Mannauðsstefnan er endurskoðuð á hverju ári og var uppfærð og samþykkt seinast þann 24. september 2024.

### Jafnlaunavottun

Í hópi starfsfólks Olís eru konur og karlar á öllum aldri og er leitast við að ráða í þann hóp þannig að aldursdreifing verði nokkuð jöfn og gætt er að jöfnum rétti kynjanna. Olís greiðir sömu laun fyrir jafnverðmæt störf og hefur hlotið jafnlaunavottun samkvæmt ÍST 85:2012. Öll störf innan Olís hafa verið flokkuð út frá samræmdu kerfi og þau verðmetin án tillits til þess hver gegnir þeim. Árlega er framkvæmd launagreining af óháðum aðila þar sem skoðað er hvort frávík eru frá þessari flokkun og launasetningu. Ef um frávík er að ræða er farið yfir þau og þau leiðrétt eða unnið að úrbótum. Olís hefur innleitt jafnlaunakerfi sem hefur þann tilgang að tryggja jafnrétti og jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækisins. Markmiðið er að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsfólks til fulls án þess að kynbundinn mismunur eigi sér stað.

### Jafnréttisstefna Olís

Jafnréttisstefna Olís nær til kyns, aldurs, kynþáttar, trúarbragða, skoðana og kynhneigðar en allt starfsfólk okkar skal njóta sömu virðingar. Það er stefna fyrirtækisins að koma í veg fyrir að ranglæti eigi sér stað og hvers konar mismunun er óheimil og verður ekki liðin.

Allt starfsfólk Olís á þess kost að njóta sín í starfi án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, kynhneigðar, búsetu, aldurs og stöðu að öðru leyti og að nýta beri til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu, hæfni og viðhorfum ólíkra einstaklinga. Hjá Olís er haft að leiðarljósi að fyrirtæki sem búa yfir meiri fjölbreytileika starfsfólks njóti almennt meiri velgengni.

### Samskiptahættir Olís

Jákvæð samskipti auka velliðan og byggja upp traust milli starfsfólks. Samskipti byggð á samúð, skilningi, virðingu og ábyrgð skapa betra jafnvægi. Starfsfólk metið að verðleikum leggur sig meira fram og skapar meiri arðsemi.



### Kynjahlutfall stjórnenda

Unnið hefur verið markvisst eftir jafnréttisstefnu Olís í nokkur ár og árlega er greint kynjahlutfall í stjórnunar- og áhrifastöðum. Jafnt og þétt hefur samsetning kynjanna í stjórnendastöðum breyst þannig að hlutur kynjanna verður sífellt jafnari. Við starfspróun og ráðningar er tekið mið af hæfni, frammistöðu, starfsreynslu og menntun en að því jöfnu horfum við til þess kyns sem er í minnihluta í viðkomandi störfum hjá Olís.

Við höfum unnið eftir jafnréttisstefnunni okkar í nokkur ár og á hverju ári höfum við greint kynjahlutfall í stjórnunar- og áhrifastöðum. Jafnt og þétt höfum við breytt samsetningu kynjanna í stjórnendastöðum, þannig að hlutur kynjanna verður sífellt jafnari. Við starfspróun og ráðningar tökum við mið af hæfni, frammistöðu, starfsreynslu og menntun en að því jöfnu horfum við til þess kyns sem er í minnihluta í viðkomandi störfum hjá Olís.

- Kynjahlutfall í framkvæmdastjórn er nú 60/40 (60% konur), en var 25/75 (75% karlar) árið 2018.
- Kynjahlutfall forstöðumanna er nú 60/40 (60% karlar) en var 13/88 (88% karlar) árið 2018.
- Kynjahlutfall millistjórnenda er nú 50/50 en var 54/46 (54% karlar) árið 2018.
- Kynjahlutfall sérfræðinga og verkefnastjóra er nú 53/47 (53% konur) en var 84/16 (84% karlar)

Kynjunum er ekki mismunað í launum og þau njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt eða sambærileg störf. Einnig njóta þau sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hver önnur starfskjör eða réttindi sem metin eru til fjár. Jafnlaunastefna er unnin í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og önnur lög sem tengjast stöðu og jöfnum rétti kynja.



## Heilsa og öryggi

Hjá Olís er lögð áhersla á að aðbúnaður á vinnustað og nánasta umhverfi sé þannig úr garði gerður að öryggi, heilbrigði og velliðan starfsfólks sé sem best tryggt. Ein þeirra aðgerða til að tryggja þetta markmið var innleiðing á **Heilsupakka Olís**. Markmið Heilsupakkans er að lágmarka fjarveru starfsmanna frá vinnu, veita ráðgjöf og aðstoða starfsmenn með persónuleg og vinnutengd vandamál og flýta fyrir úrlausn erfiðra mála. Allir fastráðnir starfsmenn eiga rétt á heilsufarsmælingu og aðgangi að fagaðilum til að stuðla að bættri andlegri og líkamlegri heilsu starfsmanna. Olís er í samstarfi við Greenfit varðandi heilsuælingar og Heilsuvernd sem sinnir veikindaskráningum og veitir starfsfólki ráðgjöf ef til veikinda kemur.

Starfsfólki stendur til boða árlegur heilsuefingarstyrkur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og nýttu alls 171 starfsmaður sér þennan styrk árið 2024.

## Fræðsla og þjálfun

Á árinu 2023 var haldið áfram með innleiðingu rafrænnar fræðslu hjá Olís og er nú boðið upp á fjölda námskeiða bæði starfstengd og persónubundin. Með rafrænni kennslu og þjálfun næst betur til starfsfólks á hinum fjölmörgu starfsstöðvum víðsvegar um landið og hægt er að sinna fræðslu mun jafnar en áður var. Einnig er boðið upp á fjölbreytt úrval af námskeiðum í gegnum Akademías.

Við hjá Olís leitum stöðugt að leiðum til að efla starfsfólk okkar og tryggja að það hafi þann stuðning og þekkingu sem þarf til að ná markmiðum fyrirtækisins. Í þessu samhengi framkvæmdum við nýlega fræðslukönnun þar sem stjórnendur fyrirtækisins voru beðnir um að meta eigin þörf fyrir þjálfun og fræðslu, auk þess að skoða hvaða fræðslu þeir teldu að starfsfólk þeirra þurfi.

Markmið þessarar þarfagreiningar var að fá innsýn í hvaða hæfni, þekkingu og færni starfsmenn okkar þurfa að bæta við sig til að auka árangur, bæta starfsánægju og stuðla að áframhaldandi vexti og þróun innan Olís. Niðurstöður könnunarinnar munu nýtast til að bæta og þróa fræðslustefnu og námslínur fyrirtækisins og tryggja að við veitum okkar starfsfólki þá þjálfun sem það þarf til að ná sem bestum árangri.

## Persónuvernd

Lögð er áhersla á að meðhöndla persónuupplýsingar starfsfólks og viðskiptavina af öryggi og fagmennsku. Persónuverndarstefna Olís tekur mið af lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.



## Íslenskukennsla

Frá lok árs 2023 hefur Olís boðið öllu starfsfólki sínu af erlendum uppruna uppá nám í íslensku í gegnum Bara tala appið. Bara tala býður upp á starfstengt íslenskunám sem styrkir orðaforða, hlustunarfærni og hjálpar aðfluttum starfsmönnum að bæta talfærni sína í íslensku.

Námið samanstendur af meira en 150 námskeiðum, sem öll eru unnin í samræmi við samevrópska tungumálarammann (CEFR). Auk þess býður appið upp á almenna og starfstengda setningalista, sem eru þýddir úr íslensku á sjö tungumál: ensku, spænsku, litháísku, úkraínsku, pólsku, serbnesku og víetnómsku. Þá er einnig í boði persónulegt þýðingarforrit sem getur umbreytt talmáli úr þessum tungumálum yfir á íslensku.



**Olís**  
**40 - 100 leyfi**

 **69**

**Virkir  
notendur**

 **104**

**Æfingar  
Meðaltal**

 **173**

**Mín. spilaðar  
Meðaltal**

**100% Nýting  
leyfa**




## Mælingar á starfsánægju

Olís mælir reglubundið starfsánægju meðal starfsfólks í samstarfi við Moodup. Kannanirnar eru nafnlausar svo starfsfólk getur verið óhrætt við að svara af hreinskilni, einnig geta stjórnendur átt nafnlaust samtal við starfsfólk í gegnum Moodup og þannig leyst málið með starfsfólkinu á sanngjarnan hátt án þess að viðeigandi starfsmaður þurfi að óttast að þetta eigi eftir að hafa áhrif á starf sitt. Niðurstöður í Moodup innihalda meðmælastuðul starfsfólks (e. Employee NPS, eða eNPS). Með honum má sjá sérstaklega hlutfall meðmælenda, hlutlausra og ósátra starfsmanna á vinnustaðnum.

Á árinu 2024 hlaut Olís viðurkenninguna *Vinnustaður í fremstu röð* en þá viðurkenningu hljóta fyrirtæki sem mæla starfsánægju a.m.k. einu sinni á hverjum ársfjórðungi, bregðast við endurgjöf starfsfólks og sem ná ákveðnu viðmiði í samanburði við aðra vinnustaði.

Viðurkenningin er okkur mikilvæg því hún staðfestir að við hlustum á skoðanir starfsfólks og virðum þær. Við leggjum okkur fram um að starfsfólk sé ánægt í vinnunni og líði vel í framúrskarandi vinnuumhverfi.



## Viðurkenning Jafnvægisvogarinnar 2024

Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA), hélt ráðstefnuna *Látum eitthvað gerast, jafnrétti er ákvörðun* þann 10. október síðastliðin við hátíðlega athöfn. Metfjöldi viðurkenningarhafa var í ár eða 130 fyrirtæki sem fengu viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar. Viðurkenningin er veitt þeim fyrirtækjum sem uppfylla markmið um jöfn kynjahlutföll í efsta stjórnendalagi. Olís var eitt af þessum fyrirtækjum og tók Ingunn Svala Leifsdóttir framkvæmdastjóri við viðurkenningunni fyrir hönd Olís.

Að þessu tilefni gróðursettu þær Ingunn Svala Leifsdóttir framkvæmdastjóri Olís, Thelma Björk Willson sviðstjóri smásöluviðs og Þrúður Maren Einarsdóttir sviðstjóri fjármálasviðs, nokkrar plöntur í Jafnréttislundi FKA í Heiðmörk. Þar er á hverju ári plantað fjölbreyttum tegundum trjáa sem er táknað fyrir þann fjölbreytileika sem FKA vill stuðla að með Jafnvægisvuginni.

Við erum stolt að segja frá því að Olís stendur fremst á meðal jafningja þegar kemur að jafnlaunavottun. Jafnlaunakerfi Olís hefur nú verið vottað í sjöunda skiptið, en Olís var á meðal fyrstu fyrirtækjanna sem innleiddu slíkt kerfi. Kynjahlutföll starfsmanna Olís eru nokkurn veginn jöfn, fleiri konur en karlar sitja í framkvæmdastjórn og kynjahlutföll millistjórnenda eru nánast jöfn.



Sjálfbærniskýrsla 2024

# Neytendur og samfélag

Vinir við veginn



Markmið okkar er að vera virkur þátttakandi í jákvæðri uppbyggingu í samfélaginu og á hverju ári styður Olís við góð málefni sem auðga og efla samfélagið sem við byggjum. Má þar nefna framlög til mannúðarstarfs, landræktarverkefna, menningar og íþróttar eða þar sem við teljum að framlag Olís geti haft mest jákvæð áhrif á samfélagið.

## Samstarf við Slysavarnafélagið Landsbjörgu

Frá árinu 2012 hefur Olís verið einn aðal styrktar- og samstarfsaðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Styrkir felast meðal annars í beinum fjárstuðningi til samtakanna og góðum afsláttarkjörum á eldsneyti. Einnig eru haldnir sérstakir fjáröflunardagar þar sem hluti af sölu eldsneytis þann dag rennur til Landsbjargar.

Á árinu 2024 voru haldnir þrír Dælur til góðs dagar þar sem lykil- og korthafar Olís og ÓB fengu 25 króna afslátt af eldsneytislítranum og 5 krónur af hverjum seldum lítra runnu óskiptar til Landsbjargar. Um 6 milljónir söfnuðust á þessum dögum og runnu þær óskiptar í starfsemi Landsbjargar.

Með þessu viljum við tryggja að björgunarsveitir landsins séu vel í stakk búnar til þess að aðstoða alla þá sem eru á ferð um landið. Olís hefur að auki boðið björgunarsveitum sérstaka neyðaraðstoð. Olís opnar afgangslustöðvar sínar að kvöld- og næturlagi ef björgunaraðgerðir eru í gangi svo björgunarsveitir hafi aðgang að eldsneyti og öðrum búnaði á öllum tímum sólarhringsins.

## Menningarstyrkir

Olís leggur ýmsum menningarmálum um land allt lið, má þar nefna stuðning við leikfélög, kvikmyndagerð og bæjarhátíðir og önnur menningartengd málefni.

## Heilsusamlegri valkostir í veitingum

Á þjónustustöðvum Olís eru nú starfræktir 11 Lemon mini staðir um allt land. Lemon mini býður upp á vinsælustu samlokurnar og safana frá Lemon. Hjá Lemon og Lemon mini er lögð áhersla á að bjóða þeim sem vilja holla og góða næringu upp á fljótlegan og bragðmikinn mat.

## Aukinn afsláttur og betri ávinningur

Á árinu var veittum ávinningi til viðskiptavina Olís og ÓB enn frekar gert hátt undir höfði. Meðlimir í vinahóp Olís, sem er einn stærsti hópur félagsins, nutu þess að afsláttur af eldsneyti var hækkaður í 10 krónur á hvern lítra. Þessi breyting undirstrikar markmið Olís um að styðja við tryggð við tryggð viðskiptavina með fjárhagslegum ávinningi.

10 krónu afslátturinn gildir á öllum stöðvum Olís og ÓB nema þeim 8 talsins sem bjóða alltaf lægsta verðið

Þrátt fyrir að afslátturinn gildir ekki á þessum stöðvum hefur annað mikilvægt umbótaskref verið stigið: Viðskiptavinir safna nú Vildarpunktum Icelandair á öllum stöðvum ÓB, þar á meðal þeirra sem áður voru undanskildar. Breytingarnar eru hluti af viðtækari stefnu félagsins að styrkja þjónustu við viðskiptavini, bæta kjör og auka almenna ánægju þeirra.



## Olís deildin

Olís hefur um árabil verið öflugur bakhjarl Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) þar ber helst að nefna samstarf Olís og HSÍ um efstu deildir karla og kvenna í handbolta sem bera nafnið Olís deildin og Grill 66 deildin. Samstarfið hófst árið 2013 og felur í sér beinan styrk til deildanna með það markmið að efla handbolta á Íslandi og fjölga iðkendum. Olís hefur einnig stutt Íslensk landslið í handbolta þegar þau taka þátt á stórmótum og þannig lagt sitt af mörkum til árangurs þeirra á alþjóðavettvangi.

## Olís og ÓB knattspyrnumótin

Í knattspyrnu styður Olís við tvö stærstu yngri flokka mót landsins:

- Olísmótið á Selfossi fyrir 5. flokk drengja
- Ób mótið á Sauðárkrók fyrir 6. flokk stúlkna

Á Olísmótinu árið 2024 tóku um 550 þátttakendur frá 20 félögum þátt og á ÓB mótinu voru rúmlega 750 leikmenn samankomir. Mótin þykja ávalt einstaklega vel heppnuð, en á bakvið bæði mótin eru einstakir sjálfböðaliðar sem leggja sig fram við að gera upplifun keppenda og stuðningsmanna þeirra einstaka.

## Annað íþróttastarf

Olís styður einnig við fjölmörg félagslið í íþróttum, sérstaklega á landsbyggðinni og á þeim svæðum þar sem starfsemi fyrirtækisins er umfangsmikil. Í þeim styrktarsamningum er lögð áhersla á að efla barna- og unglingastarf innan félaganna. Þá hefur Olís einnig stutt við bakið á Gunnari Karli Jóhannessyni rally-kappa, bæði í keppnum hér heima og erlendis. En Gunnar karl varð Íslandsmeistari árið 2024 og þannig verið glæsilegur fulltrúi íþróttanna sem njóta stuðnings Olís.



## Uppsprettan 2024

Uppsprettan er nýsköpunarsjóður á vegum Haga en öll dótturfélögin taka þátt í starfi sjóðsins. Tilgangurinn er að styðja frumkvöðla til nýsköpunar og þróunar í íslenskri matvælaframleiðslu. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á stuðning við frumkvöðlaverkefni sem að taka tillit til sjálfbærni við framleiðslu, flutning og pökkun og styðja við innlenda framleiðslu.

Þetta var í fjórða sinn sem veittir eru styrkir úr Uppsprettni og hafa nú alls 41 verkefni fengið styrk úr sjóðnum frá stofnun hans 2021. Tugir umsókna bárust um styrk og valdi matsnefnd 8 verkefni til styrkveitingar.

Uppsprettan veitir frumkvöðlum ekki bara fjárhagslegan styrk til nýsköpunarverkefna heldur búa dótturfyrirtæki Haga yfir mikilli reynslu og þekkingu í verslun, innflutningi, framleiðslu og dreifingu. Fá frumkvöðlar því jafnframt aðstoð við allt ferlið þar til varan er tilbúin til sölu í verslunum.

Slagorð Uppspretunnar er *Virkjum kraftinn og gerum það saman*. Það er okkar hugsjón að kraftur frumkvöðla með stuðningi starfsfólks dótturfélaga Haga leiði af sér nýjar hugmyndir sem að stuðli að grósku í nýsköpun, landsmönnum öllum til góða.



Styrkhafar Uppspretunnar 2024

## Styrkhafar Uppspretunnar 2024

### TROPIC

Framleiðsla og markaðsetning á gómsætum eftirrættum úr plöntufæði.

### SEA GROWTH

Undirbúningur á framleiðslu hágæða sjávarfangs beint úr fiskfrumum með sjálfbærum aðferðum. Aðferðin byggir á því að einangra stofnfrumur úr hrogni og rækta þær upp í vöðva- og fitufrumur.

### PUFF

Framleiðsla og markaðsetning á loftpoppuðu poppkorni með fjölbreyttum og frumlegum bragðtegundum

### ÍSPONICA

Lóðrétt grænmetisræktun (e. Vertical farm) á Hofsósi þar sem ræktaðar verða sprettur, radísur, baunaspirur og sveppir.

### FEED THE VIKING

Framleiðsla og markaðssetning á gírnilegum íslenskum grýtum úr frostþurrkuðu hráefni.

### VILLT AÐ VESTAN

Frekari vöruþróun á úrvals sósu- og súpublöndum úr íslenskum villisveppum.

### BRÚNASTADIR

Fjölskyldan á Brúnastöðum í Skagafirði fær styrk til framleiðslu og þroskunar á hágæða geitaosti. Hluti af þroskunarferlinu felst í að láta ostinn liggja í bjórbaði.

### HD GRILL

Framleiðsla og markaðssetning á tólgi og soði úr vannýttum dýraafurðum.

### RE ARGENTINA

Framleiðsla og markaðssetning á ljúffengum eftirrættum að argentínskum sið.

## Yfirsýn

Með Olís – ÓB appinu hefur þú yfirsýn yfir þín viðskipti á einum stað; getur fylgst með eldsneytiskjörum, notkun á lyklinum og skoðað reikninga.

Fréttir og upplýsingar um tilboð og söfnun sérstakra fríðinda á borð við 2fl við fimmtu hverja dælingu, berast þér í rauntíma. Á stöðvakortinu eru allar stöðvar Olís og ÓB með upplýsingum um hvaða þjónusta er í boði og ef þú leyfir appinu að staðsetja þig sérðu hve langt er í næstu Olís- eða ÓB-stöð.



## Aðgengi og öryggi

Sótt er um Olís – ÓB kortið og hægt er að tengja við debet- eða kreditkort í Apple Wallet eða Google Wallet, síminn er notaður til að greiða fyrir eldsneyti og aðrar vörur hjá Olís og ÓB, ásamt því að safna Vildarpunktum Ícelandair eða Aukakrónum Landsbankans.

- Þú hleður niður appinu og skráir þig með rafrænum skilríkjum
- Velur að fá Olís – ÓB kortið í símann og fyllir út þær upplýsingar sem beðið er um
- Þegar Olís – ÓB kortið er komið í veski símans er einfalt og þægilegt að greiða með símanum hjá Olís og ÓB

## Ný heimasíða

Í kjölfar útgáfu nýs apps var sett í loftið ný og endurbætt heimasíða, olis.is. Hönnun síðunnar var samræmd útliti appsins, þannig að þessar lausnir myndu vinna saman á samfelldan og notendavænan hátt. Vefurinn var einfaldaður verulega og mikið farið yfir efni og uppsetningu til að bæta upplifun notenda. Sett var upp nýtt stöðvakort sem veitir góða yfirsýn yfir þjónustu sem Olís og ÓB bjóða, þar með talið opnunartíma. Auk þess voru staðsetningar útibúa og bryggjudæla settar skýrt fram á kortið.



### Yfirsýn

Á árinu 2024 hefur Olís unnið markvisst að uppbyggingu nýrrar bílþvottastöðvar. Stöðin er bæði snertilaus og mannlaus. Fyrsta stöðin mun opna í Langatanga í Mosfellsbæ og fljótlega þar á eftir er áætlað að opna fleiri stöðvar á Selfossi, í Grafarvogi, á Skúlagötu og í Bæjarlind. Einnig munu þvottabásar Glerárstöðvar á Akureyri taka upp nafnið Glans, sem leysir af hólmi hið fyrra heiti Oljáið.

Olís hefur um árabil lagt sig fram við að vernda náttúru og auðlindir Íslands. Í samvinnu við Borgarplast höfum við þróað nýjan samrúnubúnað fyrir olíuskiljur sem uppfyllir nýjustu staðla og hámarkar endurheimtu mengandi efna. Enn fremur hefur verið tekin upp aðferð þar sem safnað er saman olíu og tjöruleysi í sérstakan tank sem tæmdur er reglulega og innihaldið sent til endurvinnslu og endurnýtingar. Þessi nýi búnaður er allur framleiddur á Íslandi.

### Afköst og nýjungar

Þær stöðvar sem áætlað er að opna á næsta ári munu geta afkastað allt að 18 bílum á klukkustund. Nýju stöðvarnar verða útbúnar með sérstæðu þurrkrými og geta því afkastað tveimur bílum samtímis. Þær stöðvar sem nú þegar eru starfandi innan húsnæðis munu áfram nýta þurrkrými á sama stað, sem takmarkar afkastagetu þeirra að einhverju leyti.

Glans mun nýta upphitað kalt vatn, sem stýttir þvottatíma, dregur úr þörf fyrir þvottaefni og bætir aðgengi að þeim svæðum bílsins sem erfitt getur reynst að hreinsa með hefðbundnum aðferðum.

The image shows the word "glans" in a bold, lowercase, sans-serif font. The letters are dark green. The 'g' has a small white starburst or spark effect on its upper curve. The 'l' is a simple vertical bar. The 'a' has a small white starburst on its right side. The 'n' has a small white starburst on its right side. The 's' has a small white starburst on its right side. The logo is centered within a dark green rectangular frame that has a slight 3D effect with a lighter green top and bottom edge.

Sjálfbærniskýrsla 2024

# Stjórnarhættir

Ábyrg stjórnun mannauðs og verðmæta

## Vernd uppljóstrara

Til staðar hjá Olís eru reglur um vernd uppljóstrara í samræmi við við lög nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara. Reglunum er ætlað að koma á skilvirku úrræði til að koma upplýsingum og/eða gögnum á framfæri um brot á lögum eða á mælisverða háttsemi og styðja og vernda þá sem slíkt gera. Markmið reglnanna er að fyrirbyggja misferli og draga úr tjóni sem slíkt kann að hafa í för með sér fyrir Olís, viðskiptavinum fyrirtækisins, samfélagið og aðra hagsðila.

## Spillingar- og mútumál

Í siðareglum Haga og dótturfélaga er lögð áhersla á að stjórn og starfsfólk skuli ávallt fara að lögum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og að fylgt sé þeim reglum sem móðurfélagið setur á hverjum tíma. Kveðið er á um að óheimilt sé að misnota aðstöðu sína í starfi, þannig að fyrirtækið beri skaða af og eru starfsmenn hvattir til að tilkynna næsta yfirmanni ef þeir verða vitni að spillingu eða óreiðu innan Olís. Siðareglur þessar leggja einnig áherslu á að forða starfsmönnum frá að taka ákvarðanir sem skapað geta hagsmunaaðreksa en meginreglan er sú að hagsmunir starfsmanna og Olís skuli fari saman. Þá er óheimilt að taka við gjöfum, boðsferðum eða annars konar friðindum frá viðskiptamönnum Olís nema með samþykki yfirmanns.

## Siðareglur birgja

Olís leggur ríka áherslu á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð í allri starfsemi sinni og vill láta gott af sér leiða í sátt við umhverfi og samfélag. Siðareglum þessum er ætlað að stuðla að því að Olís og birgjar fyrirtækisins verði í sameiningu hreyfiafl til góðra verka.

Siðareglur Olís ná til allra birgja og er birgjum gert að tryggja framfylgd þeirra gagnvart aðfangakeðju sinni.

### 1. Umhverfi

Birgi leggi sig fram við að þekkja bein og óbein áhrif starfseminnar á umhverfið og draga úr neikvæðum áhrifum eftir fremsta megni. Með neikvæðum áhrifum er m.a. átt við losun gróðurhúsalofttegunda, hvers konar mengun, óhóflegan ágang á auðlindir jarðar og athafnir sem stuðla að hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

### 2. Fólk

Birgi fylgi lögum, reglum og alþjóðlegum samningum um vernd mannréttinda. Hvers lags nauðungarvinna, barnaþrælkun eða nútímaþrælahald verður ekki liðin hvorki hjá birgja sjálfum né í aðfangakeðju hans.

Birgi tryggi starfsfólki öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi og fari eftir lögum og reglum viðkomandi lands um aðbúnað og öryggi á vinnustað.

Birgi tryggi jöfn tækifæri starfsfólks og mismuni ekki á grundvelli kyns, kynþáttar, trúarbragða, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis eða annarrar stöðu.

Birgi greiði starfsfólki sínu sanngjörn laun, sem nema í hið minnsta lágmarkslaunum samkvæmt lögum, reglum og/eða kjarasamningum viðkomandi lands.

Birgi styðji félagafrelsi og viðurkenni rétt til kjarasamninga.

### 3. Velferð dýra

Birgjar sem hafa atvinnu af framleiðslu dýraafurða eða sem meðhöndla með öðrum hætti dýr í starfsemi sinni skulu tryggja mannúðlega meðferð dýra og fylgja lögum og reglum um velferð dýra í hvívetna.

### 4. Stjórnarhættir

Birgi stundi eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, viðhafi gott siðferði í viðskiptum og fylgi lögum og reglum í viðkomandi landi.

Reglum um vernd uppljóstrara er ætlað að koma á skilvirku úrræði til að koma upplýsingum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi á framfæri og styðja og vernda þá sem slíkt gera. Markmið reglnanna er að fyrirbyggja misferli og draga úr tjóni sem slíkt kann að hafa í för með sér fyrir Olís, viðskiptavini, samfélagið og aðra hagaðila.

## 1. Gildissvið og markmið

Markmið laga um vernd uppljóstrara, nr. 40/2020, er að stuðla að því upplýst verði um lögbrot og aðra ámælisverða háttsemi og þannig dregið úr slíku hátterni. Lögin gilda um starfsfólk sem greinir frá upplýsingum eða miðlar gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitenda síns. Reglum um vernd uppljóstrara er ætlað að koma á skilvirku úrræði til að koma slíkum upplýsingum á framfæri og styðja og vernda þá sem slíkt gera. Markmið reglnanna er að fyrirbyggja misferli og draga úr tjóni sem slíkt kann að hafa í för með sér fyrir Olís, viðskiptavini, samfélagið og aðra hagaðila. Reglurnar gilda um alla þá sem starfa eða hafa starfað hjá Olís, hvort sem um er að ræða starfsmenn, stjórnarmenn, verktaka, starfsnema, tímabundna starfsmenn eða aðra þá sem hafa í störfum sínum aðgang að upplýsingum eða gögnum um starfsemi Olís vegna hlutverks síns. Í reglum þessum eru framangreindir aðilar jafnan nefndir „starfsmaður“ eða „starfsmenn“.

## 2. Skilgreiningar

**Innri uppljóstrun** – Með innri uppljóstrun er átt við að starfsmaður greinir frá upplýsingum eða miðli gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitenda síns til aðila innan fyrirtækisins eða til opinbers eftirlitsaðila.

**Ytri uppljóstrun** – Með ytri uppljóstrun er átt við að starfsmaður greini frá upplýsingum eða miðli gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitenda síns til aðila utan fyrirtækisins, til dæmis fjölmiðla. Ytri uppljóstrun er að jafnaði ekki heimil nema innri uppljóstrun hafi fyrst verið reynd til þrautar.

**Góð trú** – Með góðri trú er átt við að starfsmaður hafi góða ástæðu til að telja gögnin eða upplýsingarnar sem miðlað er vera rétt, það sé í þágu almennings að miðla þeim og að hann eigi ekki annan kost til að koma í veg fyrir þau brot eða þá háttsemi sem um ræðir.

**Ámælisverð háttsemi** – Með ámælisverðri háttsemi er átt við hátterni sem stefnir almannahagsmunum í hættu, til dæmis hátterni sem ógnar heilsu eða öryggi fólks eða umhverfi, án þess að um sé að ræða augljóst brot á lögum eða reglum.

## 3. Málsmeðferð

### 3.1. Innri uppljóstrun

Starfsmönnum Haga og dótturfélaga er heimilt að greina frá upplýsingum eða miðla gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi samstæðu Haga til þess aðila sem getið er um í gr. 3.2. hér á eftir eða til lögregluyfirvalda eða annarra opinberra eftirlitsaðila sem við eiga. Þeim upplýsingum eða gögnum sem starfsmaður kann að miðla við innri uppljóstrun skal aldrei komið til aðila þar sem upplýsingarnar eða gögnin verða gerð opinber.

### 3.2. Tilkynning, móttaka og meðhöndlun innri uppljóstrana

Tilkynningar skulu sendar á netfangið uppljostrun@hagar.is og skal skilmerkilega tilgreint að erindið sé sent á grundvelli laga um vernd uppljóstrara nr. 40/2020. Óskað er eftir að tilkynning sé eins ítarleg og kostur er. Móttakanda upplýsinganna og/eða gagnanna er skylt að stuðla að því að látið verði af hinni ólögætu eða ámælisverðu háttsemi eða tryggja að brugðist verði á annan hátt við henni. Móttakandiinn skal einnig greina starfsmanninum, sem miðlaði upplýsingunum og/eða gögnum, frá því hvort upplýsingarnar hafi gefið tilefni til athafna og þá hverra. Móttakandi upplýsinganna og/eða gagnanna hefur að hámarki 6 virka daga til að taka afstöðu til málsins og skal innan sömu tímamarka upplýsa starfsmanninn um framvindu málsins. Þurfi lengri tíma til að rannsaka og/eða aðhafast í málinu skal greina starfsmanni frá því áður en fyrrnefndur frestur rennur út. Móttakandi upplýsinganna og/eða gagnanna skal gæta leyndar um persónuupplýsingar sem honum berast um þann sem miðlar upplýsingum og/eða gögnum nema hinn siðarnefndi veiti afdráttarlaust samþykki sitt fyrir því að leynd sé aflétt.

### 3.3. Ytri uppljóstrun

Starfsmanni sem miðlað hefur upplýsingum og/eða gögnum, sbr. gr. 3.2. hér að framan, án þess að það hafi leitt til fullnægjandi viðbragða innan Haga, er heimilt í góðri trú að miðla umræddum upplýsingum og/eða gögnum til utanaðkomandi aðila, þar á meðal á samfélagsmiðla eða til fjölmiðla, svo fremi sem starfsmaðurinn hefur réttmæta ástæðu til að ætla að um háttsemi sé að ræða sem getur varðað fangelsisrefsingu. Í algjörum undantekningartilvikum þegar miðlun skv. framangreindu kemur af gildum ástæðum ekki til greina er miðlun til utanaðkomandi aðila heimil án þess að innri uppljóstrun hafi átt sér stað. Skilyrði er að miðlunin teljist í þágu svo brýnna almannahagsmuna að hagsmunir Hagasamstæðunnar verða að vikja fyrir hagsmunum af því að upplýsingum sé miðlað til utanaðkomandi aðila, svo sem til að

vernda:

> öryggi ríkisins eða hagsmuni ríkisins á sviði varnarmála,  
> efnahagslega mikilvæga hagsmuni ríkisins,  
> heilsu manna,  
> umhverfið.

## 4. Vernd uppljóstrara

Miðlun upplýsinga og/eða gagna telst ekki brot á þagnar- eða trúnaðarskyldu sem starfsmaður er bundinn af samkvæmt lögum, samningi eða með öðrum hætti, svo framarlega sem miðlunin uppfylli skilyrði laga nr. 40/2020. Slík miðlun leggur hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð á starfsmanninn og getur ekki leitt til stjórnisýsluviðurlaga eða íþyngjandi úrræða að starfsmannarétti. Framangreind vernd leysir ekki þann starfsmann sem miðlað hefur upplýsingum undan saksókn vegna brota sem hann sjálfur kann að hafa tekið þátt í. Þá nær verndin ekki til þeirra starfsmanna sem miðla vísitandi röngum eða villandi gögnum eða upplýsingum um smávægileg mál, í þeim tilgangi að koma höggi á samstæðu Haga eða aðra aðila.

Óheimilt er að láta starfsmann sæta óréttlátri meðferð sem miðlað hefur upplýsingum eða gögnum samkvæmt ákvæðum laga um vernd uppljóstrara. Til slíkrar meðferðar telst til dæmis að rýra réttindi, breyta starfsskyldum á íþyngjandi hátt, segja upp samningi, slita honum eða láta hvern þann sem miðlað hefur gögnum eða upplýsingum gjalda þess á annan hátt. Brot á því getur varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Komi til ágreinings fyrir dómi um stöðu starfsmanns með tilliti til hvort miðlun hafi verið óheimil eða að starfsmaður er látinn sæta óréttlátri meðferð í kjölfar hennar skal veita starfsmanninum gjafsókn í héraði, fyrir Landsrétti og Hæstarétti. Gjafsókn fellur niður ef sýnt er fram á fyrir dómi að starfsmaður hafi ekki verið í góðri trú þegar upplýsingum var miðlað.

## 5. Varðveisla og öryggi gagna tengd uppljóstrunum

Tilkynningar um hugsanlegt misferli eru varðveittar á öruggan hátt og jafn lengi og lög kveða á um eða lögmætir hagsmunir Haga samstæðunnar krefjast. Hagar gæta þess að öll meðferð persónuupplýsinga samræmist lögum um persónuvernd, líkt og lýst er í persónuverndarstefnu félagsins. Ef uppljóstrun reynist ekki á rökum reist og ekki er tilefni til frekari athugunar mun tilkynningu verða eytt án tafar og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að rannsókn máls lýkur, nema lög kveði á um lengri varðveislutíma.

Reglum um vernd uppljóstrara er ætlað að fyrirbyggja spillingu og mútur

1. Inngangur

Hagar og dótturfélög vilja vera fyrsti valkostur viðskiptavina sinna, góður samfélagsþegn, eftirsóttur vinnuveitandi og ákjósanlegur og öruggur fjárfestingarkostur. Siðareglur þessar gilda um stjórn Haga og allt starfsfólk félagsins og dótturfélaga þess.

Við leggjum áherslu á þarfir viðskiptavina okkar og að við uppfyllum þær á einfaldan og hagkvæman hátt. Við viljum þjóna viðskiptavinum okkar þannig að þeir komi til okkar aftur og aftur. Við erum meðvituð um að orðspor og ímynd fyrirtækisins og traust í okkar garð byggir á frammistöðu okkar hvern dag. Því leggjum við áherslu á að vanda til verka og huga að hverju smáatriði. Við þurfum sjálf að standa vörð um orðspor okkar.

Fyrirtæki Haga eru öll rekin sem sjálfstæð fyrirtæki og hafa ólík rekstrarform og ólíka menningu. Þó er mikilvægt að við séum meðvituð um þær áherslur og gildi sem sameina okkur og gera okkur að því sem við erum. Gildi Haga eru eftirfarandi:

|              |                                                                                                                       |
|--------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Hagkvæmni    | Við leitum stöðugt nýrra leiða til að geta boðið neytendum meira fyrir minna.                                         |
| Samvinna     | Styrkur Haga felst í innbyrðis samvinnu eininganna og uppbyggilegu samstarfi við alla okkar viðskiptavini.            |
| Þjónustulund | Án viðskiptavina væru Hagar ekki til. Við viljum alltaf bæta þjónustu og upplifun þeirra.                             |
| Framsækni    | Við viljum halda áfram að þróa íslenska verslunarflóru og bjóða neytendum upplifun og gæði í fremstu röð á heimsvísu. |

2. Lög og virðing

Við leggjum áherslu á að fara ávallt að lögum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og fylgjum þeim reglum sem fyrirtækið setur á hverjum tíma.

Við sýnum hvort öðru virðingu og liðum ekki óréttlæti, s.s. einelti, kynferðislega áreitni eða mismunun vegna ómálefnaðlegra þátta eins og kynferðis, trúar, kynþáttar eða kynhneigðar. Ef við verðum vör við einelti eða óréttlæti, upplýsum við yfirmenn okkar um það samstundis.

Okkur er óheimilt að afhenda út úr fyrirtækinu söluvörur eða annan varning sem ekki hefur verið skrifaður út úr sölukerfum fyrirtækisins og okkur er óheimilt að vikja frá útgefnum reglum varðandi afslætti og greiðsluskilmála til einstaklinga og fyrirtækja. Við afgreiðum okkur ekki sjálf né afgreiðum okkur nákomna. Við tilkynnum yfirmanni okkar ef við verðum vitni að þjófnaði, spillingu eða óreiðu innan fyrirtækisins.

Við notum ekki aðstöðu okkar í fyrirtækinu, svo fyrirtækið beri skaða af. Við misnotum ekki tölvupóst, tölvur, bréfsefni eða nafnspjöld o.fl. með persónulegan ávinning í huga.

3. Við gætum trúnaðar

Við erum bundin þagnarskyldu samkvæmt lögum, um hvaðeina sem við verðum áskynja í starfi okkar varðandi viðskiptavinum okkar, sem og um starfsemi fyrirtækisins. Við vitum að þagnarskylda helst þrátt fyrir starfslok. Við nýtum okkur ekki trúnaðarupplýsingar til fjárhagslegs ávinnings fyrir okkur sjálf eða aðra. Við förum vel með trúnaðargögn fyrirtækisins og gætum þess að þau séu tryggilega geymd.

4. Gjafir og hagsmunir

Við tökum ekki við gjöfum eða annars konar greiðslu eða þjónustu, svo sem boðsferðum, skemmtunum, fríðindum eða greiða nema með samþykki yfirmanns. Gildir það um gjafir frá birgjum, þeim sem óska eftir að eiga

viðskipti við fyrirtækið, eða öðrum þeim sem gætu hagnast á ákvörðunum starfsmanna fyrirtækisins.

Við forðumst að taka ákvarðanir sem geta skapað hagsmunaárekstra. Meginreglan er að hagsmunir okkar og fyrirtækisins fara saman. Við þurfum að vera vakandi og taka heiðarlega afstöðu þegar sú staða kemur upp að ákvörðun okkar fylgir persónulegur ávinningur og leita álits yfirmanns í öllum vafamálum.

5. Samfélagið og félagsmál

Við tökum öll þátt í félagsstörfum og sinnum samfélagsmálum. Við viljum láta gott af okkur leiða. Við gætum þess þó að háttsemi utan vinnutíma hafi ekki slæm áhrif á starf okkar eða orðspor fyrirtækisins. Stjórnendur og yfirmenn fyrirtækisins þurfa skriflega heimild til þess að stunda launaða vinnu utan fyrirtækisins.

6. Góð samskipti

Til þess að bæta árangur okkar og starfsánægju, fylgjum við samskiptareglum og komum fram við hvert annað eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur.

Samskiptareglur:

- 1. Við hrósum og hvetjum hvert annað
- 2. Við virðum skoðanir hvers annars
- 3. Við erum hreinskilin
- 4. Við erum jákvæð
- 5. Við baktölum ekki náungann
- 6. Við hlustum hvert á annað
- 7. Við göngum vel um vinnustaðinn okkar
- 8. Við veitum liðsinni ef við sjáum að einhverjum liður illa
- 9. Við fundum reglulega saman og tryggjum þannig góð samskipti
- 10. Við erum létt í lund – húmorinn til staðar

Þannig samþykkt 7. apríl 2022

A full-page background image featuring a sailboat on a calm blue lake. In the background, there are large, rugged mountains with patches of green and some snow, partially shrouded in low-hanging clouds. The sky is blue with scattered white clouds. On the far left, there is a vertical decorative bar with a green and dark green chevron pattern.

Sjálfbæriskýrsla 2024

# Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Markmið um sjálfbæra þróun

## Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Árið 2000 settu Sameinuðu þjóðirnar fram Þúsaldarmarkmið til ársins 2015 sem sneru fyrst og fremst að þróunarrikjunum. Mikill árangur náðist og því var ákveðið að setja ný markmið til ársins 2030 og ná þau til allra ríkja heims.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru svo samþykkt árið 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og ná bæði til alþjóðasamstarfs og innanríkismála. Þau eru samtengd og órjúfanleg og er þeim ætlað að mynda jafnvægi milli umhverfislegra, efnahagslegra og félagslegra þátta og leiða þannig til sjálfbærrar þróunar. Markmiðin eru algild, sem merkir að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa skuldbundið sig til að innleiða þau bæði innanlands og með alþjóðasamstarfi.

## HEIMSMARKMIÐ Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull. Þau krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila til að markmið um sjálfbærni náist fyrir 2030. Út frá stefnumiðum Olís hafa sex heimsmarkmið verið sett í forgang. Þau tengjast kjarnastarfsemi Olís, starfsemi móðurfélagsins og forgangsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

### Þessi sex markmið eru:

#### Markmið 5

Jafnrétti kynjanna

#### Markmið 8

Góð atvinna og hagvöxtur

#### Markmið 9

Nýsköpun og uppbygging

#### Markmið 10

Aukinn jöfnuður

#### Markmið 12

Ábyrg neysla og framleiðsla

#### Markmið 13

Aðgerðir í loftslagsmálum



5 JAFNRÉTTI  
KYNJANNA



## Jafnrétti kynjanna

### Við styðjum við heimsmarkmið 5 um jafnrétti kynjanna á eftirfarandi hátt:

- Við höfum sett okkur jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun sem miðar að því að tryggja jöfn laun og réttindi kynjanna.
- Samsetning kynjanna í stjórnendastöðum hefur jafnast mikið á síðustu árum og við vinnum hörðum höndum að því að hlutur kynjanna verði jafn í framtíðinni.
- Við höfum innleitt jafnlaunakerfi sem hefur þann tilgang að tryggja jöfn laun, jafnrétti og jafna stöðu allra.
- Olís greiðir sömu laun fyrir jafnverðmæt störf og hefur hlotið jafnlaunavottun samkvæmt ÍST 85:2012.

8 GÓÐ ATVINNA  
OG HAGVÖXTUR



## Góð atvinna og hagvöxtur

### Við styðjum við heimsmarkmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt á eftirfarandi hátt:

- Við leggjum ríka áherslu á að starfsfólki okkar líði vel í vinnu, fái jöfn tækifæri og eigi auðvelt með að samræma einkalíf og vinnu.
- Við stuðlum að heilbrigðu lífni starfsfólks með því að bjóða upp á árlegan heilsueflingarstyrk og í samstarfi við Heilsuvernd auðveldum við starfsfólki að fylgjast með eigin heilsu og vellíðan.
- Í samræmi við auknar áherslur á stafræna þróun, þá höfum við nú innleitt fræðslukerfið Eloomi. Á þennan hátt náum við til starfsfólks á hinum fjölmörgu starfsstöðvum víðsvegar um landið og getum sinnt fræðslu mun betur og jafnar en áður.

9 NÝSKÖPUN OG  
UPPBYGGING



## Nýsköpun og uppbygging

### Við styðjum við heimsmarkmið 9 um nýsköpun og uppbyggingu á eftirfarandi hátt:

- Við styðjum við uppbyggingu innviða í landinu og viðbragð við umhverfisvá með því að efla stöðugt samstarf okkar við Slysavarnafélagið Landsbjörgu.
- Nýsköpun á sviði umbúðalausra vara er mikilvæg og við vinnum markvisst að því að allar þjónustustöðvar okkar verða tilbúnar til umbúðalausrar sölu á rúðuvökva, frostlegi og smurolíu.
- Við leitum sífellt leiða til að gera starfsemi okkar sjálfbærari, ábyrgari og reynum að tryggja öruggari nýtingu auðlinda. Við höfum innleitt stafrænar lausnir og þróað umhverfisvæna tækni og verkferla til að styðja við þessa vinnu.

10 AUKINN  
JÖFNUÐUR



## Aukinn jöfnuður

### Við styðjum við heimsmarkmið 10 um aukinn jöfnuð á eftirfarandi hátt:

- Jafnréttisstefna Olís nær til kyns, aldurs, kynþáttar, trúarbragða, skoðana og kynhneigðar. Allt starfsfólk okkar skal njóta sömu virðingar og sömu möguleika þegar kemur að starfsþróun og framgangi í starfi.
- Við teljum að fyrirtæki sem búa yfir meiri fjölbreytileika starfsfólks, eigi auðveldara með að stunda nýsköpun, séu hæfari til að aðlagast breytingum og njóti almennt meiri velgengni.
- Hjá Olís starfar fólk af 38 mismunandi þjóðernum og eru ráðandi tungumál erlendra starfsmanna enska og pólska. Stefnt er að því að mannauðsstefnan og undirstefnur verði aðgengilegar öllum starfsmönnum á ráðandi tungumálum starfsmanna.

12 ÁBYRG NEYSLA  
OG FRAMLEIÐSLA



## Ábyrg neysla og framleiðsla

### Við styðjum við heimsmarkmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu á eftirfarandi hátt:

- Í samræmi við áherslur í umhverfismálum þá stefnum við markvisst að því að auka endurvinnsluhlutfall úrgangs.
- Um langt skeið höfum við dregið úr orkunotkun með markvissum hætti og með samstarfi okkar við Klappir grænar lausnir þá verður þessi vinna enn markvissari.
- Við höfum aukið verulega úrvalið af niðurbjótanlegum og umhverfisvænni vörum í einnota umbúðum í samræmi við aukna áherslu á sjálfbært efnisval þegar kemur að umbúðum.
- Umhverfispættir eru ávallt hafðir að leiðarljósi þegar kemur að orkuneyslu og nýtingu hráefnis, við val á vörum, birgjum og flutningstækjum.
- Úrvalið af hollum matvörum hefur verið aukið, bæði með opnun Lemon mini á þjónustustöðvum og með breyttu vöruúrvali á tilbúnum matvörum.

13 AÐGERÐIR Í  
LOFTSLAGSMÁLUM



## Aðgerðir í loftslagsmálum

### Við styðjum við heimsmarkmið 13 um aðgerðir í loftslagsmálum á eftirfarandi hátt:

- Olís tekur virkan þátt í orkuskiptum með uppbyggingu á hleðsluinnviðum fyrir rafbíla og auknu framboði á umhverfisvænni orkugjöfum.
- Við vinnum samkvæmt aðgerðalista til að minnka kolefnisspor með mælanlegum og markvissum hætti í gegnum samstarf okkar við Klappir grænar lausnir.
- Við stefnum að því að flokkun sorps verði innleidd að fullu á öllum þjónustustöðvum Olís sem leiðir til minna kolefnisspors.
- Við erum þátttakandi í loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar, sem við undirrituðum í nóvember 2015 og insetjum okkur að ná markmiðum Parísarsáttmálans í loftslagsmálum fyrir árið 2030.



Umhverfi

| Flokkur                 | Yfirmarkmið                                                         | Undirmarkmið                                                                                                                                                                                | Aðgerðir                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             | Heimsmarkmið SP                                                    |
|-------------------------|---------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------|
| Loftslag                | Net-Zero 2030 í umföngum 1 & 2                                      | <ul style="list-style-type: none"><li>Setja markmið um samdrátt í losun fyrir 2025 þegar lekalosun liggur fyrir</li><li>Kolefnisbinding með raungerðum og vottuðum einingum</li></ul>       | <ul style="list-style-type: none"><li>Finna út lekalosun</li><li>LED-væðing</li><li>Kolsýruvæðing</li><li>Fjárfesting í vottuðum kolefniseiningum sem raungerast frá og með 2030</li></ul>                                                                                                                                                           | 13 – Aðgerðir í loftslagsmálum                                     |
| Loftslag                | Bættar mælingar og samdráttur á losun í virðiskeðju                 | <ul style="list-style-type: none"><li>Mæling á öllum mikilvægum losunarpáttum</li><li>Aukin hlutfallsleg sala umhverfisvænni orkugjafa</li><li>Virk þátttaka í orkuskiptum</li></ul>        | <ul style="list-style-type: none"><li>Mæling á yfir 99% heildarlosunar 2024</li><li>Innleiðing á innkaupastefnu með áherslu á sjálfbærnisjónarmið</li><li>Aukin áhersla á umhverfisvænni orkugjafa</li><li>Uppsetning rafhleðslustöðva í samstarfi við Ísorku</li><li>Þróunarverkefni tengd umhverfisvænni orkugjöfum, s.s metani og vetni</li></ul> | 13 – Aðgerðir í loftslagsmálum                                     |
| Mengun                  | Engin mengunaróhöpp                                                 | <ul style="list-style-type: none"><li>Engin mengunartilvik árlega í rekstri</li></ul>                                                                                                       | <ul style="list-style-type: none"><li>Reglulegt yfirlit á mengunarkistum á þjónustustöðvum</li><li>Aðgerðaráætlun til að sporna við mengunaróhöppum</li><li>Regluleg áhættumöt</li><li>Námskeið og fræðsluefni fyrir starfsfólk</li><li>Eftirlit á sand- og olíuskiljum</li></ul>                                                                    | 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla<br>13 – Aðgerðir í loftslagsmálum |
| Mengun                  | Sala á umhverfisvænni rekstrarvörum                                 | <ul style="list-style-type: none"><li>Aukin hlutfallsleg sala á umhverfisvænni kostum</li></ul>                                                                                             | <ul style="list-style-type: none"><li>Gera umhverfisvæna kosti meira sýnilega með merkingum og auglýsingum</li></ul>                                                                                                                                                                                                                                 | 13 – Aðgerðir í loftslagsmálum                                     |
| Hringrásarhagkerfi      | Bætt úrgangsflokkun                                                 | <ul style="list-style-type: none"><li>70% flokkunarhlutfall fyrir 2027</li></ul>                                                                                                            | <ul style="list-style-type: none"><li>Regluleg upplýsingagjöf til verslunarstjóra</li><li>Bætt flokkunaraðstaða</li><li>Liffrænar matvælaumbúðir</li></ul>                                                                                                                                                                                           | 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla                                   |
| Hringrásarhagkerfi      | Lágmörkun úrgangs                                                   | <ul style="list-style-type: none"><li>10% minnkun á úrgangsmagni fyrir 2027</li></ul>                                                                                                       | <ul style="list-style-type: none"><li>Kortlagning á aðgerðum sem miða að því að draga úr úrgangsmagni</li></ul>                                                                                                                                                                                                                                      | 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla                                   |
| Líffræðileg fjölbreytni | Lágmörkun neikvæðra áhrifa á líffræðilega fjölbreytni í virðiskeðju | <ul style="list-style-type: none"><li>Allir birgjar samþykki siðareglur með áherslu á líffræðilega fjölbreytni</li><li>Aukin þekking á óbeinum áhrifum á líffræðilega fjölbreytni</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>Siðareglur birgja innleiddar í alla nýja samninga</li><li>Innkaupastefna með áherslu á sjálfbærni</li></ul>                                                                                                                                                                                                    | 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla                                   |



Mannauður

| Flokkur                  | Yfirmarkmið                                                              | Undirmarkmið                                                                                                                                                                   | Aðgerðir                                                                                                                                                                                                                                            | Heimsmarkmið Sp                                                  |
|--------------------------|--------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------|
| Starfsánægja             | Starfsánægja í fyrirrúmi                                                 | <ul style="list-style-type: none"><li>Ánægja starfsfólks mælist árlega yfir meðaltali Haga</li><li>Stöðugar umbætur á starfsumhverfi</li></ul>                                 | <ul style="list-style-type: none"><li>Púlsmælingar á 2 mánaða fresti</li><li>Allar nafnlausar ábendingar teknar fyrir og þeim svarað</li></ul>                                                                                                      | 3 – Heilsa og velliðan<br>8 – Góð atvinna og hagvöxtur           |
| Jafnrétti & fjölbreytni  | Sömu laun fyrir jafnverðmæt störf                                        | <ul style="list-style-type: none"><li>Kynbundinn launamunur sé árlega undir 1%</li></ul>                                                                                       | <ul style="list-style-type: none"><li>Árleg jafnlaunaúttekt</li><li>Stöðug umbótavinna og eftirfylgni</li></ul>                                                                                                                                     | 5 – Jafnrétti kynjanna<br>10 – Aukinn jöfnuður                   |
| Jafnrétti og fjölbreytni | Fjölbreyttur vinnustaður                                                 | <ul style="list-style-type: none"><li>Jöfn tækifæri til starfa óháð stöðu og uppruna</li></ul>                                                                                 | <ul style="list-style-type: none"><li>Fólk hvatt til að sækja um óháð stöðu og uppruna</li><li>38 þjóðerni starfa hjá Olís</li><li>Fræðsla og þjálfun á þremur tungumálum</li><li>Vinna með stuðningi</li><li>Bara tala – íslenskukennsla</li></ul> | 5 – Jafnrétti kynjanna<br>10 – Aukinn jöfnuður                   |
| Heilsa og öryggi         | Slysalaus vinnustaður                                                    | <ul style="list-style-type: none"><li>Engin skráningarskyld vinnuslys per milljón klukkustundir</li><li>Öruggt starfsumhverfi</li></ul>                                        | <ul style="list-style-type: none"><li>Regluleg áhættumót</li><li>Starfsþjálfun</li><li>Auðvelt aðgengi að fræðsluefni</li><li>Stefna um samskiptahætti</li></ul>                                                                                    | 3 – Heilsa og velliðan                                           |
| Heilsa og öryggi         | Heilsueflandi vinnustaður                                                | <ul style="list-style-type: none"><li>Heilsupakki Olís</li><li>Auka hlutfall starfsfólks sem nýtir heilsustyrki</li></ul>                                                      | <ul style="list-style-type: none"><li>Heilsupakki Olís<ul style="list-style-type: none"><li>Heilsustyrkir</li><li>Heilsuvernd</li><li>Velferðarþjónusta</li></ul></li></ul>                                                                         | 3 – Heilsa og velliðan                                           |
| Þjálfun og starfsþróun   | Starfsfólk hafi tækifæri til að vaxa og þróast í starfi                  | <ul style="list-style-type: none"><li>Öllum fastráðnum starfsmönnum bjóðist regluleg frammistöðu- og starfsþróunarsamtöl</li><li>Virk þjálfun og fræðsla starfsmanna</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>Skerpa á starfsþróunarviðtölum</li><li>Akademias fræðsla</li><li>Fræðluketfi í appi</li><li>Bara tala – íslenskukennsla</li></ul>                                                                             | 8 – Góð atvinna og hagvöxtur                                     |
| Starfsfólk í virðiskeðju | Réttindi starfsfólks í virðiskeðju séu virt og vinnuaðstæður mannsæmandi | <ul style="list-style-type: none"><li>Allir birgjar samþykki siðareglur birgja</li><li>Regluleg eftirfylgni með birgjum</li></ul>                                              | <ul style="list-style-type: none"><li>Innleiðing siðareglna í alla nýja innkaupasamninga</li><li>Innleiðing birgjamatslausnar</li></ul>                                                                                                             | 8 – Góð atvinna og hagvöxtur<br>12 – Ábyrg neysla og framleiðsla |



## Neytendur

| Flokkur              | Yfirmarkmið              | Undirmarkmið                                                                                                                                                   | Aðgerðir                                                                                                                                             | Heimsmarkmið Sp                                        |
|----------------------|--------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------|
| Lýðheilsa            | Heilsusamlegir valkostir | <ul style="list-style-type: none"><li>Auka framboð af heilsusamlegum valkostum</li></ul>                                                                       | <ul style="list-style-type: none"><li>Samstarf við Lemon</li></ul>                                                                                   | 3 – Heilsa og vellíðan                                 |
| Aðgengi              | Allir velkomnir í Olís   | <ul style="list-style-type: none"><li>Gott aðgengi sé fyrir fatlaða á öllum starfsstöðvum</li><li>Innviðir til staðar fyrir umhverfissvæna ferðamáta</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>Hönnun starfsstöðva með aðgengi fatlaðra í huga</li><li>Rafhleðslutöðvar</li><li>Hjólastandar</li></ul>        | 3 – Heilsa og vellíðan                                 |
| Ánægja viðskiptavina | Ánægðir viðskiptavinir   | <ul style="list-style-type: none"><li>Hefja reglulegar mælingar og setja mælanlegt markmið tengt ánægju viðskiptavina</li></ul>                                | <ul style="list-style-type: none"><li>Ánægjuvogin</li><li>Mælingar á viðskiptavinaánægju</li><li>Þjónustukannanir</li><li>Stöðugar umbætur</li></ul> | 3 – Heilsa og vellíðan<br>8 – Góð atvinna og hagvöxtur |
| Stafræn þróun        | Nýsköpun og uppbygging   | <ul style="list-style-type: none"><li>Þróa stafræna lausn til að bæta þjónustu</li></ul>                                                                       | <ul style="list-style-type: none"><li>Þróa Olís app</li><li>Þróa nýja heimasíðu</li></ul>                                                            | 9 – Nýsköpun og uppbygging                             |



Sjálfbæriskýrsla 2024

# Lykilþættir úr sjálfbærniuppgjöri

Vegferð í átt að sjálfbærni



| GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR                                                                                 | EINING             | 2022    | 2023    | 2024    |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------|---------|---------|---------|
| Umfang 1                                                                                               | tCO <sub>2</sub> í | 281     | 262     | 270     |
| Umfang 2 (landsnetið)                                                                                  | tCO <sub>2</sub> í | 138     | 131     | 118     |
| Umfang 2 (með markaðsaðgerðum)                                                                         | tCO <sub>2</sub> í | -       | 2.900   | 3.351   |
| Umfang 1 og 2                                                                                          | tCO <sub>2</sub> í | 419     | 668     | 388     |
| Umfang 3                                                                                               | tCO <sub>2</sub> í | 918.429 | 879.882 | 832.322 |
| Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (með markaðsaðgerðum) og 3)                                   | tCO <sub>2</sub> í | 918.847 | 880.274 | 862.710 |
| Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (landsnetið) og 3)                                            | tCO <sub>2</sub> í | 918.847 | 883.044 | 865.943 |
| Nasdaq: E1 UNGC: P7 GRI: 305-1,305-2,305-3 SASB: General Issue / GHG Emissions TCFD: Metrics & Targets |                    |         |         |         |
| UMFANG 1 - SAMSETNING LOSUNAR                                                                          | EINING             | 2022    | 2023    | 2024    |
| Heildarlosun                                                                                           | tCO <sub>2</sub> í | 281     | 262     | 270     |
| Staðbundin eldsneytisnotkun                                                                            | tCO <sub>2</sub> í | 8,2     | 6,1     | 0,7     |
| Eldsneytisnotkun farartækja                                                                            | tCO <sub>2</sub> í | 272,4   | 255,7   | 269,3   |
| Lekalosun                                                                                              | tCO <sub>2</sub> í | 0       | 0       | 0       |
| UMFANG 2 - SAMSETNING LOSUNAR                                                                          | EINING             | 2022    | 2023    | 2024    |
| Heildarlosun                                                                                           | tCO <sub>2</sub> í | 138     | 131     | 118     |
| Rafmagn                                                                                                | tCO <sub>2</sub> í | 58      | 57      | 48      |
| Hitaveita                                                                                              | tCO <sub>2</sub> í | 80      | 73      | 69      |

Sjálfbærniuppgjör Olís fyrir árið 2024 er unnið í samstarfi við Klappir og er notast við Sustainability Platform hugbúnaðarlausnina við söfnun og úrvinnslu upplýsinga. Þær upplýsingar sem uppgjorið byggist á eru jafnframt hluti af sjálfbærniuppgjöri Haga sem hlotið hefur staðfestingu óháðs endurskoðanda.

Sjálfbærniuppgjorið er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019, leiðbeiningum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu Þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað til tilheyrandi viðmiða GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og tekur upplýsingagjöf félagsins um eigin mannauðsmál og stjórnarhætti auk þess mið af nýju evrópsku sjálfbærnistöðlunum (ESRS).

| UMFANG 3 - LOSUN Á FYRRI STIGUM               | EINING             | 2022    | 2023    | 2024    |
|-----------------------------------------------|--------------------|---------|---------|---------|
| Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta           |                    |         |         |         |
| Heildarlosun                                  | tCO <sub>2</sub> i | 186.375 | 180.751 | 174.524 |
| Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi |                    |         |         |         |
| Heildarlosun                                  | tCO <sub>2</sub> i | 98      | 95      | 105     |
| Losun á fyrri stigum vegna eldsneytisnotkunar | tCO <sub>2</sub> i | 67      | 65      | 69      |
| Losun á fyrri stigum vegna rafmagnsnotkunar   | tCO <sub>2</sub> i | 0       | 0       | 0       |
| Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu  | tCO <sub>2</sub> i | 30      | 31      | 36      |
| Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og dreifing   |                    |         |         |         |
| Heildarlosun                                  | tCO <sub>2</sub> i | 2.401   | 2.519   | 2.621   |
| Flugfrakt                                     | tCO <sub>2</sub> i | 0       | 0,1     | 0       |
| Sjóflutningur                                 | tCO <sub>2</sub> i | 1.458   | 1.449   | 1.518   |
| Landflutningar                                | tCO <sub>2</sub> i | 943     | 1.070   | 1.103   |
| Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri               |                    |         |         |         |
| Heildarlosun                                  | tCO <sub>2</sub> i | 116     | 153     | 86      |
| Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi    | tCO <sub>2</sub> i | 116     | 153     | 86      |
| Flokkur 6: Viðskiptaferðir                    |                    |         |         |         |
| Heildarlosun                                  | tCO <sub>2</sub> i | 2       | 8       | 5       |
| Flugferðir                                    | tCO <sub>2</sub> i | 2       | 8       | 5       |
| UMFANG 3 - LOSUN Á SÍÐARI STIGUM              | EINING             | 2022    | 2023    | 2024    |
| Flokkur 11: Notkun á seldri vöru              |                    |         |         |         |
| Heildarlosun                                  | tCO <sub>2</sub> i | 729.437 | 696.355 | 684.981 |
| Losun vegna beinnar notkunar                  | tCO <sub>2</sub> i | 729.437 | 696.355 | 684.981 |



ISCC vottun

Olís hefur fengið ISCC vottun, sem er óháð og sjálfbært vottunarkerfi fyrir lífrænt og endurnýjanlegt hráefni. Þetta er mikilvægur áfangi í okkar viðleitni til að stuðla að sjálfbærum og ábyrgum rekstri. Með þessari vottun er innflutt endurnýjanlegt eldsneyti frá Olís nú rekjanlegt frá birgja til notanda, sem tryggir gegnsæi og ábyrgð í keðjunni. Þetta er eitt af mörgum skrefum sem Olís tekur til að stuðla að lækkun kolefnisfótspors og stuðla að grænni framtíð. Með ISCC vottuninni sýnum við skuldbindingu okkar við sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð í hverju sem við gerum. Olís er fyrsta íslenska olíufélagið til að hljóta þessa vottun.





| FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR                                  | EINING | 2023  | 2024  |
|-----------------------------------------------------|--------|-------|-------|
| S1-6: Samsetning starfsfólks                        |        |       |       |
| Heildarfjöldi starfsfólks                           |        |       |       |
| Karlar                                              | Fjöldi | 242   | 225   |
| Konur                                               | Fjöldi | 214   | 211   |
| Samtals                                             | Fjöldi | 456   | 436   |
| Fjöldi starfsfólks með ótímabundna ráðningu         |        |       |       |
| Karlar                                              | Fjöldi | 242   | 223   |
| Konur                                               | Fjöldi | 214   | 211   |
| Samtals                                             | Fjöldi | 456   | 434   |
| Fjöldi starfsfólks með tímabundna ráðningu          |        |       |       |
| Karlar                                              | Fjöldi | 0     | 0     |
| Konur                                               | Fjöldi | 0     | 0     |
| Fjöldi starfsfólks með ótryggan vinnutíma           |        |       |       |
| Karlar                                              | Fjöldi | 0     | 0     |
| Konur                                               | Fjöldi | 0     | 0     |
| Starfsmannavelta                                    |        |       |       |
| Fjöldi starfsmanna sem hætti á árinu                | Fjöldi | 79    | 53    |
| Starfsmannavelta                                    | %      | 17,3% | 12,2% |
| S1-8: Kjarasamningar og trúnaðarmenn                |        |       |       |
| Hlutfall starfsfólks sem heyrir undir kjarasamninga | %      | 99%   | 100%  |
| Hlutfall starfsfólks sem hefur trúnaðarmann         | %      | 99%   | 99%   |

| FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR                                                   | EINING      | 2023  | 2024  |
|----------------------------------------------------------------------|-------------|-------|-------|
| S1-9: Fjölbreytnimælikvarðar                                         |             |       |       |
| Kynjafjölbreytni í æðstu stjórnunarstöðum                            |             |       |       |
| Karlar                                                               | Fjöldi      | 1     | 2     |
| Konur                                                                | Fjöldi      | 4     | 3     |
| Karlar                                                               | %           | 20,0% | 40%   |
| Konur                                                                | %           | 80,0% | 60%   |
| Aldursdreifing                                                       |             |       |       |
| <30 ára                                                              | %           | 47%   | 50,7% |
| 30-50 ára                                                            | %           | 33%   | 29,4% |
| >50 ára                                                              | %           | 21%   | 20,0% |
| S1-14: Heilsa og öryggi                                              |             |       |       |
| Fjöldi dauðsfalla sem afleiðing vinnuslysa eða vinnutengdra veikinda |             | 0     | 0     |
| Fjöldi skráningarskyldra vinnuslysa                                  | Fjöldi      | 10    | 7     |
| Tíðni skráningarskyldra vinnuslysa                                   | x/1.000.000 | 15    | 11    |
| S1-15: Jafnvægi milli vinnu og einkalífs                             |             |       |       |
| Fjöldi starfsmanna sem hefur lögbundinn rétt til fæðingarorlofs      |             | 100%  | 100%  |
| S1-16: Launamunur kynjanna                                           |             |       |       |
| Niðurstaða jafnlaunavottunar                                         |             | 0,7%  | 0,5%  |

Árið 2024 markaði mikilvægan áfanga í þeirri vegferð Olís að innleiða sjálfbærni sem leiðarljós í allri starfsemi fyrirtækisins. Sjálfbærni til framtíðar er ekki aðeins stefnumarkandi hugsjón heldur hagnýt nálgun sem nær til rekstrar, vöruframboðs og þjónustu, þar sem jafnvægi er leitað milli umhverfisverndar, efnahagslegs ávinnings og samfélagslegrar ábyrgðar.

Með því að samþætta umhverfissjónarmið í daglegum rekstri leitast Olís við að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda og nýta náttúruauðlindir á ábyrgan og sjálfbæran hátt. Á árinu var lögð sérstök áhersla á að efla framboð á vistvænu eldsneyti, lífeldsneyti og metani sem valkosti fyrir viðskiptavinum sem vilja draga úr umhverfisáhrifum samgangna.

Olís hefur jafnframt haldið áfram öflugri uppbyggingu hleðslustöðva um allt land, með það að markmiði að rafvæðing samgangna verði raunhæfur og aðgengilegur kostur fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Rafhleðsla sem hluti af innviðum framtíðar styrkir bæði orkuöryggi og loftslagsmarkmið þjóðarinnar.

Á sama tíma hefur fyrirtækið lagt grunn að þátttöku í vetnistengdri innviðauppbýggingu, sem opnar nýjar leiðir fyrir orkuskipti í þungaflutningum og iðnaði – sviðum þar sem rafmagn getur ekki staðið eitt og sér. Vetni er mikilvæg viðbót í orkublönduna og felur í sér tækifæri til að styðja við kolefnishlutlausan rekstur á fleiri sviðum samfélagsins.

Sjálfbærni til framtíðar felur í sér skuldbindingu Olís um að vinna í takt við alþjóðleg markmið og samfélagslegar væntingar, þar sem nýsköpun og ábyrg rekstrarstefna verða undirstaða breytinga. Með skýra sýn, virka þátttöku og stöðuga umbótavinnu sækir Olís fram með framtíðina að leiðarljósi.



The background of the entire image is a repeating pattern of green chevrons, creating a textured, scale-like effect. The chevrons are in two shades of green, with the lighter shade forming the primary shape and the darker shade filling the gaps.

# olis

Sjálfbærniskýrsla 2024